



skoðun 12

SÉRBLAÐ í Fréttablaðinu

Allt





DOMTI®
Þín innkaup á einstöku verði
Smáratorgi 1


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Miðvikudagur
20. október 2010
246. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




**Björt framtíð**
*Tæknifræðingafélag Íslands fagnar fimmtíu ára afmæli.*
**tímamót** 20

**Aftur af stað**
*Vaktargengið leggur drög að nýjum sjónvarpsþætti án Jóns Gnarr.*
**fólk** 30



**Arsenal setti markamet**
*Chelsea, Arsenal, Real Madrid og Bayern München eru öll í frábærum málum í Meistaradeildinni.*
**íþróttir** 27

**veðrið í dag**





**ÉL EÐA SLYDDUÉL** í fyrstu en nokkuð bjart víða þegar kemur fram á daginn. Vindur víða fremur hægur en strekkingur með NA-ströndinni. Hiti verður á bilinu 0 til 8 stig.
VEÐUR 4

# Ísland er óviðbúið árásum tölvuþrjóta

**Íslensk stjórnvöld hafa ekki byggt upp varnir gegn tölvuárásum sem valdið geta miklum usla. Ísland stendur hinum Norðurlöndunum langt að baki í viðbúnaði.**

**FJARSKIPTI** Engar varnir gegn tölvuárásum sem gagn er að eru til staðar hér á landi, þrátt fyrir að ítrekað hafi verið bent á þörf fyrir þær. Tölvuárásir gætu lamað samskipti í gegnum Netið, og jafnvel haft áhrif á hluta símkerfisins.

Bæði Póst- og fjarskiptastofnun og Varnarmálastofnun hafa unnið að því að undirbúa uppsetningu slíkra varna. Sá undirbúningur hefur nú að mestu stöðvast þar sem ekkert fé er lagt í varnirnar.

Mikil áhersla hefur verið lögð á varnir gegn tölvuárásum á hinum Norðurlöndunum. Íslandi var boðið að þróa varnir samhliða Danmörku. Það var þegið, en Ísland heltist úr lestinni þegar kom að því að fjárfesta í tækjum og ráða og þjálfa starfsmenn.



HRAFNKELL V. GÍSLASON

Víða í nágrannalöndunum hafa verið settir upp viðbragðshópar sem hafa það hlutverk að bregðast við hættu á árásum. Póst- og fjarskiptastofnun hefur lagt til að slíkum hópi verði komið á fót hér á landi.

„Við teljum fulla ástæðu til að koma upp slíkum viðbragðshópi hérlendis, en það kostar fé sem liggur ekki á lausu,“ segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar.

Hann segir varnir gegn tölvuárásum geta verið fljótar að borga sig, þar sem þær geti kostað stofnanir og fyrirtæki háar upphæðir. Hrafnkell segir veltuna hjá glæpamönnum sem noti Netið við iðju sína gríðarlega mikla, og þeir noti afar háþróaðan hugbúnað.

Tölvuárásir hafa valdið gríðarlegum truflunum bæði í Eistlandi og Georgíu. - bj / sjá síðu 10



**VIÐ VEIÐAR** Kolmunni er uppsjávartegund og getur orðið 50 cm langur.

Kolmunnakvótinn hrynur:

## Úr 87 þúsund tonnum í 6.500

**SJÁVARÚTVEGUR** „Þetta var óumflýjanleg niðurstaða. Hún hafði verið í kortunum lengi,“ segir Kristján Freyr Helgason, formaður samninganefndar Íslands, á fundi í London þar sem kolmunnakvóti næsta árs var ákveðinn.

Samanlagður kvóti strandríkjanna var minnkaður úr 540 þúsund tonnum niður í 40 þúsund. Hlutur Íslands fer úr 87.000 tonnum í 6.500 tonn. Áfallið fyrir uppsjávarveiðiflotann er því mikið.

Ríkin voru sammála um að fara í einu og öllu eftir ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins. - gb



**HALD LAGT Á 105 TONN AF MARÍJÚANA** Efnin voru í tíu þúsund stórum pakkningum, greinilega ætluðum til útflutnings. Heildarmagnið er eitt það mesta sem stjórnvöld hafa komið höndum yfir í Mexíkó svo árum skiptir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fíkniefnalögreglan í Mexíkó:

## Tók meira en hundrað tonn

**MEXÍKÓ Lögreglan í mexíkósku borginni Tijuana við landamæri Bandaríkjanna lagði í gær hald á 105 tonn af kannabisefnum, sem er meira en dæmi eru til um að hald hafi verið lagt á í einu lagi í landinu árum saman.**

**Ellefu voru handteknir í tengslum við aðgerðir lögreglunnar, sem réðist til atlögu gegn stórtækum smyglurum í þremur hverfum borgarinnar eldsnemma í gærmorgun.**

**Magnið er nánast jafnmikið og lögreglan í Mexíkó hafði lagt hald á það sem af er árinu, en samtals var það komið upp í 115 tonn.**

**Samkvæmt nýjustu verðkönnun SÁÁ er gramm af hassi selt hér á landi á 2.500 krónur, en gramm af grasi á tæpar 3.000 krónur. Verðmæti 105 tonna gæti því numið 260 til 315 milljörðum króna. - gb**






Sterkar tennur og fallegt bros. Flux flúormunnskol fyrir alla fjölskylduna.
Fæst í næsta apóteki.
actavis


Þingsályktunartillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við ESB:

## Gleymdu lögum um þjóðaratkvæði

**STJÓRNMÁL** „Ég er að leggja þetta fram til að þjóðin fái að segja álit sitt á málinu,“ segir Vigdís Hauksdóttir, fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu sjö þingmanna úr öllum flokkum nema Samfylkingu um þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort halda eigi áfram aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins.

Samkvæmt tillögunni á að halda atkvæðagreiðsluna sama dag og kosið er til stjórnlagaþings, 27. nóvember. Gallinn er sá að samkvæmt lögum um þjóðaratkvæðagreiðslur, sem Alþingi samþykkti í júní, skulu líða minnst þrír mánuðir frá því Alþingi samþykkir þingsályktunartillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu þar til atkvæðagreiðslan fer fram.

„Ég var búin að gleyma þessum lögum,“ viðurkennir Vigdís sem sjálf tók þátt í að samþykkja lögin í júní. Að fenginni fyrirspurn Fréttablaðsins kveðst Vigdís munu leggja fram á Alþingi í dag frumvarp til að breyta lögunum frá því í júní.

„Það er náttúrulega alveg galið, ef það er brýnt málefni sem kemur upp í þjóðfélaginu og nota á kosningadag til að spara 250 milljónir, að það séu þannig tímamörk á því að þjóðaratkvæðagreiðslan fari ekki fram,“ segir Vigdís sem kveðst bjartsýn á að tillaga sjömenninganna verði samþykkt á Alþingi. - gar


10 ára gömul verð!
Eldsmiðjan
562 3838
Bragagata 38a Laugavegur 81 Suðurlandsbraut 12
18.-31. október
GILDIR EKKI UM DRYKKI OG HEIMSENDINGU

MS
MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI



Alla daga

## SPURNING DAGSINS



*Kjartan, er rafmagnað andrúmsloft í Orkuveitunni?*

„Það er mikill hiti í mönnum en við skulum vona að það fari að kólna í kolunum.“

Starfsmenn Orkuveitunnar eru óttaslegnir vegna fyrirhugaðra fjöldauppsagna. Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, situr í stjórn Orkuveitunnar.

Dómur Hæstaréttar gæti falið í sér umfangsmikla endurskoðun á félagasjóðagjöldum atvinnulífsins:

# Gætu þurft að leita að nýrri tekjuleið

**SJÁVARÚTVEGUR** Félagsgjald útgerðar sem ekki á aðild að Landssambandi smábátaeigenda stenst ekki ákvæði stjórnarskrár um félagafrelsi. Þetta kemur fram í dómsniðurstöðu Hæstaréttar.

Niðurstaðan er í máli útgerðarfélags sem gerir út tvo báta. Útgerðarmaðurinn sagði sig úr Landssambandi smábátaeigenda fyrir nokkrum árum. Hann sætti sig ekki við að greiðslur frá sér rynnu til Landssambandsins eftir sem áður og krafðist endurgreiðslu.

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, segir niðurstöðuna geta haft víðtækar afleiðingar, lögmæti félagasjóða atvinnulífsins sé undir. „Mér sýnist dómurinn segja að skoða verði hvort almennt sjóðakerfi atvinnuveganna standist lög.“

Aðilar að Landssambandinu greiða 8,4 prósent af hráefnisverði inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning. Sex prósent renna til Landssambandsins lögum samkvæmt. Það jafngildir hálfu prósenti af aflaverðmæti. Upphæðin nam sextíu milljónum króna í fyrra. Þetta er eini tekjugrunnur Landssambandsins.

Örn segir vilja til að skoða aðrar tekjuleiðir. „Ég heyrði það á félagsmönnum í svæðisfélögum í haust að vilji sé til að skoða aðrar leiðir til að tryggja tekjur Landssambandsins, svo sem með félagsgjöldum, reynist félagasjóðaformið óheimilt.“ - jab



**ÖRN PÁLSSON** Hálft prósent af aflaverðmæti smábáta er eini tekjugrunnur Landssambands smábátaeigenda. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Norðmenn ósáttir við ESB:

## Ekki stætt á banni lengur

**NOREGUR Reglur Evrópusambandsins gera það að verkum að Norðmenn geta ekki mikið lengur komið í veg fyrir áfengisauglýsingar á sjónvarpsstöðvum, sem senda út í öðrum löndum, jafnvel þótt útsendingin sé einkum ætluð áhorfendum í Noregi.**

**Norðmönnum hefur ekki tekist að fá undantekningar þar að lútandi frá þriggja ára gamalli tilskipun Evrópusambandsins um hljóð- og myndfjölmiðla, og verða nú að innleiða tilskipunina hið fyrsta.**

**Í norska dagblaðinu Aftenposten, sem skýrði frá þessu í vikunni, segir að úr því öll aðildarríki sambandsins hafi verið sammála um þetta fyrirkomulag, þá sé ekki hægt að veita Norðmönnum neina sérmeðferð.** - gb

Bandaríkjaher gefur eftir:

## Samkynhneigð ekki falin meir

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríska hermálaráðuneytið gaf í gær út fyrirmæli um að nú megi taka homma og lesbíur í herinn, jafnvel þótt þau fari ekki dult með kynhneigð sína.

Síðan 1993 hefur Bandaríkjaher mátt taka samkynhneigða í þjónustu sína, en eingöngu með því skilyrði að þeir láti ekkert uppskátt um kynhneigð sína.

Dómari í Kaliforníu komst í síðustu viku að þeirri niðurstöðu að þetta fyrirkomulag stæðist ekki lög. - gb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Lögreglan fann lærin

Farið var inn í ólæstan bílskúr á Akranesi um síðustu helgi og þaðan stolið nokkrum lambalærum ásamt fleiru. Lögreglumenn renndi strax í grun hver þarna hafði verið á ferð og tók hús á viðkomandi. Lærin og annað það sem tekið hafði verið komu þar í leitirnar.

# Allsherjarmisnotkun Landsbankans kærð

**FME hefur sent sérstökum saksóknara kæru um allsherjarmarkaðsmisnotkun sem hæstráðendur Landsbankans eru sagðir hafa stundað. Sambærileg kæra vegna Kaupþings leiddi til þess að fjórir stjórnendur voru settir í gæsluvarðhald.**

**VIÐSKIPTI** Fjármálaeftirlitið (FME) kærði í gær til embættis sérstaks saksóknara meinta umfangsmikla markaðsmisnotkun Landsbankans fyrir hrun. Grunur leikur á um margra milljarða ólögmæt viðskipti æðstu stjórnenda bankans til að halda uppi gengi bréfa í bankanum. Með því hafi markaðurinn verið blekktur. Misnotkunin er talin hafa staðið í fimm ár.

Kæran er af sama tagi og sú sem FME sendi vegna Kaupþings fyrir ári og leiddi til þess að æðstu stjórnendur bankans voru í vor hnepptir í gæsluvarðhald vegna rannsóknarinnar.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, staðfestir að kæran hafi borist í gær, en vill að öðru leyti lítið tjá sig um málið að svo stöddu.

Hátt í hundrað milljarða viðskipti eru undir í rannsókninni á máli Kaupþings. Spurður hvort um sambærilegar upphæðir sé að ræða í máli Landsbankans segir hann að Kaupþing hafi verið stærsti bankinn og því sé þar um að ræða hæstu upphæðirnar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vega uppkaup deildar svokallaðra eigin viðskipta á bréfum í bankanum sjálfum þungt í kærunni. Þau kaup hafi verið stórfelld og bankinn hafi þannig eignast hlut í sjálfum sér langt umfram lögleg tíu prósenta mörk.



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON**

Bankinn losaði sig síðan við hluta þessara bréfa með því að selja þau áfram til útvalinna viðskiptavina. Bankinn lánaði fyrir kaupunum og eina veðið var í bréfunum sjálfum. Áhættan var því öll bankans.

Meðal slíkra viðskipta eru níu milljarða kaup félagsins Ímons, í eigu Magnúsar Ármann, í bankanum viku fyrir bankahrun. Þau viðskipti eru með í rannsókninni á markaðsmisnotkuninni.

Ekki náðist í Gunnar Þ. Andersen, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, í gær.

stigur@frettabladid.is




**ÆÐSTU MENN** Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson voru bankastjórar Landsbankans á árunum fyrir hrun. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

### Hart tekið á markaðsmisnotkun

Í desember í fyrra dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur tvo fyrrverandi starfsmenn Kaupþings, Daníel Þórðarson og Stefni Inga Agnarsson, í átta mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir markaðsmisnotkun.

Daníel og Stefnir voru fundnir sekir um að hafa haft áhrif á gengi hlutabréfa í Existu til að styrkja stöðu peningamarkaðssjóða Kaupþings. Þetta hafi þeir gert með því að leggja fimm sinnum fram óeðlilega há tilboð í bréf í Existu í lok dags.

Þótt tilboð þeirra hafi verið há, samtals um 30 milljónir, eru þau þó smámunir í samanburði við viðskiptin sem nú eru til rannsóknar.

### Ættleiðingar á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands

Þeim fækkar sem ættleiða:

## Ættleiðingar á sjöunda tuginn

**SAMFÉLAGSMÁL Alls var 61 barn ættleitt hér á landi í fyrra, sem er nokkur fækkun frá árinu þar á undan samkvæmt samantekt Hagstofunnar. Sautján börn voru ættleidd frá útlöndum. Árið áður voru þau þrettán. Ættleiðingum frá útlöndum hefur þó fækkað á síðustu árum en frumættleiðingum innanlands fjölgað lítillega. Stjúpættleiðingar (ættleiðingar á barni maka) voru 33 í fyrra.** - bj

Bakki ekki nálægt ákvörðun:

## Ekki hægt að tryggja orkuna

**IÐNAÐUR** „Síðast þegar ég hitti Alcoa sögðust þeir ekki taka neina ákvörðun um að reisa álver þarna fyrr en þeir hefðu tryggingu fyrir 360 þúsund tonna framleiðslu,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra um þau orð Katrínar Júlíusdóttir iðnaðarráðherra að álver á Bakka sé innan seilingar. Steingrímur var spurður um málið að loknum ríkisstjórnarfundi í gær.

„Ég þekki orkumálin í Suður-Þingeyjarsýslu nokkuð vel og held það sé ekkert í sjónmáli að það sé hægt að tryggja afhendingu á slíku orkumagni eins og staðan er í dag.“ - óká

**Tölvuorðabókin 2011 komin út**




Til að kaupa hana í fyrsta sinn eða til að uppfæra úr eldri útgáfu, vinsamlega farið á þessa slóð:

**http://www.ordabok.is**

**ordabok.is**

Fórnarlamb þjófs setti myndir úr eftirlitsvélum Ölstofunnar í óleyfi á Netið:

# Þjófur laus þrátt fyrir myndbirtingu

**PERSÓNUVERND** Þjófur sem stal jakka með veski, síma, myndavél og öðrum verðmætum á Ölstofunni aðfaranótt sunnudags gengur enn laus þrátt fyrir að myndband af þjófnaðinum hafi verið birt á Netinu í gær.

Fórnarlamb þjófsins er Suður-Afríkumaðurinn Andrie Roux. „Hann fékk disk hjá okkur úr öryggismyndavélum til að fara með til lögreglunnar og hann setti myndirnar á Netið. Hann langaði bara að fá jakkann,“ útskýrir Kormákur Geirharðsson, einn eigenda Ölstofunnar, hvernig það megi vera að myndskeið úr eftirlitsmyndavélum á ölduhúsi, þar sem gestum er sérstaklega bannað að nota myndavélar, rötuðu í opinbera birtingu á Netinu.

„Við töluðum sérstaklega um það að hann mætti ekki birta þessar myndir á Netinu því ég ætlaði að kanna hvað mætti og hvað ekki í þeim efnum,“ undirstrikar Kormákur sem kveðst hafa rætt við Roux í gær og hann hafi lofað að fjarlægja myndbandið af internetinu. „Hann spurði hvort þetta yrði leyfilegt ef hann myndi blörra alla nema sjálfan sig og þjófinn og við erum að hugsa það.“

Kormákur bendir á að oft sé hægt að ná afbrotamönnum með opinberri myndbirtingu. „Ég er ekki hrifinn af því að menn séu að stela hérna inni og er til í að sýna myndir af hvaða þjófi sem er,“ segir vertinn á Ölstofunni. - gar




**ÖLSTOFUÞJÓFURINN** Maður sést í öryggismyndavélum stela jakka sem hengdur hafði verið undir barborðið. Myndband af þjófnaðinum var enn á Netinu í gærkvöld þótt fórnarlambið hafi lofað að láta fjarlægja það.






## Ævintýrin gerast í Ölpunum!

Við hjá Úrvali Útsýn tökum þessa dagana á móti bókunum hundruða Íslendinga sem stefna á skíðaferðir í vetur. Hvort sem um er að ræða gamlar skíðakempur eða fólk sem er að stíga í fyrsta sinn á skíði, finna allir brekkur og bari við sitt hæfi í Ölpunum.

Gott veður, nægur snjór, frábærar brekkur, ítölsk matargerð og sannkölluð "aprés ski" stemning í heilnæmu fjallalofti Alpanna er eitthvað sem allir ættu að upplifa.

**Hafðu samband og kynntu þér úrval skíðaferða hjá Úrvali Útsýn.**

ÚRVAL-ÚTSÝN

**Skíðaáfangastaðir: Madonna Di Gampiglio (Ítalía), Selva Val Gardena (Ítalía), Davos (Sviss)**

Lágmúli 4 108 Reykjavík // sími: 585 4000 // info@uu.is // www.urvalutsyn.is

## GENGIÐ 19.10.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,44 | 111,98 |
| Sterlingspund | 176,01 | 176,87 |
| Evra | 155,16 | 156,02 |
| Dönsk króna | 20,804 | 20,926 |
| Norsk króna | 19,032 | 19,144 |
| Sænsk króna | 16,704 | 16,802 |
| Japanskt jen | 1,3674 | 1,3754 |
| SDR | 175,04 | 176,08 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,6183

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hafnarvörður hefur lítið fyrir stafni en er bjartsýnn eftir komu dýpkunarskips:

# Óvíst hvenær Landeyjahöfn opnast

**SAMGÖNGUMÁL** „Maður bara horfir upp í himininn,“ er fyrsta svar Sigmars Jónssonar, hafnarvarðar í Landeyjahöfn, þegar hann er spurður hvað hann fáist við á meðan Vestmannaeyjaferjan Herjólfur kemst ekki inn í höfnina vegna sands í innsiglingunni.

„Nei, það er ekki það,“ heldur Sigmar áfram. „Það er ýmislegt að dudda. Það er verið að binda endahnútinn á lóðaframkvæmdir þannig að það er ýmislegt að horfa í.“

Eftir nokkra bið er áhöfn dýpkunarskipsins Perlunnar tekin til óspilltra málanna við að dæla sandi úr innsiglingu Landeyjahafnar. Þangað til því verki er lokið heldur miðasölufólkið fyrir Herjólf sig í Þorlákshöfn þaðan sem ferjan siglir á meðan nýja höfnin er enn lokuð.

Sigmar er því eini starfsmaðurinn í Landeyjahöfn þessa dagana. Hann segir útlitið hins vegar alveg ágætt.

„Það er best að gefa ekki neitt út um það hvenær verður farið af stað,en eftir því sem Perlan fer fleiri ferðir og dýpkar meira þá styttist í það,“ segir hafnarvörðurinn í Landeyjahöfn. **- gar**



**LANDEYJAHÖFN** Loka hefur þurft höfninni vegna gífurlegs aurburðar sem sérfræðingar segja að sé að miklu leyti gosefni úr Eyjafjallajökli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heimspekin verði skyldufag:

# Ábyrgðarkennd nemenda styrkt

**ALÞINGI** Hreyfingin vill að heimspeki verði skyldufag í grunn- og framhaldsskólum.

Í greinargerð með þingsályktunartillögu segir að mikilvægt sé að styrkja ábyrgðarkennd nemenda gagnvart samfélaginu og stuðla jafnframt að gangrýninni hugsun, sem sé ein meginforsenda þess að borgarar geti verið virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi. Vill Hreyfingarfólk að grunnskólanemar fái heimspekikennslu annað hvert ár og framhaldsskólanemar árlega. **- bþs**



**ÁTÖK Í LYON** Sarkozy ætlar að taka hart á málunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enn mótmælt í Frakklandi:

# Harka færist í mótmælin

**FRAKKLAND, AP Grímuklædd ungmenni tókust á við lögreglu í nokkrum borgum Frakklands í gær, þar sem fjöldi fólks hefur mótmælt áformum stjórnvalda um að hækka eftirlaunaaldur.**

**Samgöngur voru víða í lamasessi í landinu. Hætta þurfti við hundruð flugferða, langar biðraðir mynduðust við bensínstöðvar og lestarsamgöngur féllu víða niður. Æ meiri harka er að færast í mótmælin og er óttast að átök fari vaxandi næstu daga. Nicolas Sarkozy forseti gaf í gær loforð um að lög og regla verði tryggð og ólátaseggir teknir úr umferð.** **- gb**

Mótmæla hugmyndum STEF:

# Vega að tölvuleikjaiðnaði

**TÆKNI** Með hugmyndum Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) um lagningu gjalda á nettengingar er beinlínis verið að vega að hagsmunum annarra skapandi atvinnugreina, svo sem tölvuleikjaframleiðenda, að mati Samtaka tölvuleikjaiðnaðarins á Íslandi (IGI).

Samtökin mótmæla hugmyndunum harðlega, og segja að slíkt gjald myndi koma bæði niður á fyrirtækjum í tölvuleikjaiðnaðinum og viðskiptavinum þeirra. **- bj**

# Erfiðara að viðhalda kröfum

## Skuldir fyrnast á tveimur árum í stað fjögurra áður, samkvæmt nýju frumvarpi. Á föstudag á að leggja fyrir ríkisstjórn frumvarp um gengistryggð lán og lyklafrumvarp. Samið við banka um stöðu ábyrgðarmanna.

**STJÓRNMÁL** Skuldir einstaklinga fyrnast tveimur árum eftir gjaldþrot í stað fjögurra áður, samkvæmt frumvarpi sem ríkisstjórnin tók fyrir á fundi sínum í gær. „Með þessu verða þeir sem fara í gjaldþrot ekki eltir út yfir gröf og dauða. Málið fer væntanlega fyrir þingið í vikunni,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra á blaðamannafundi eftir ríkisstjórnarfundinn. Fyrir svörum sat einnig Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

Enn verður þó til farvegur í gegnum dómstóla til að viðhalda kröfum, að sögn Steingríms, séu til þess réttmætar ástæður. „Það er ekki ástæða til þess að skaðabætur, sektir eða annað sem menn hafa verið dæmdir í fyrnist,“ sagði hann. Farvegur til þess að endurnýja og viðhalda kröfum yrði hins vegar þrengdur til muna og sýna yrði fram á það fyrir dómi að slíkar aðgerðir þjónuðu tilgangi og líkur væru á að eitthvað hefðist upp í kröfuna.

Jóhanna sagði fleiri mál sem sneru að „bráðavanda“ heimilanna hafa verið rædd í ríkisstjórn í gær. Búast mætti við að frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra um gengistryggð lán yrði lagt fyrir ríkisstjórnina á föstudag, sem og svonefnt „lyklafrumvarp“. Vegna skaðabótaábyrgða yrði ekki hægt að láta ákvæði lyklafrumvarpsins vera afturvirkt. Eins sagði Jóhanna verið að skoða stöðu ábyrgðarmanna, en líkt og með lyklafrumvarpið þyrfti að ná samningum við lánastofnanir um hvernig farið yrði með mál þeirra.

Steingrímur sagði æskilegast að samkomulagi yrði náð um stöðu ábyrgðarmanna, enda væri mál þeirra mjög snúið. „Sú hugmynd hefur verið rædd að ábyrgðarmönnum yrði að lánsveð sæti sambærilegri niðurfærslu í skuldaendurskipulagningu og aðrar kröfur. Krafan lækki hlutfallslega í samræmi við niðurfærslu skuldarinnar, en standi að öðru leyti.“ Eins segir hann hafa verið rætt að ekki verði gengið að ábyrgðarmönnum umfram greiðslugetu. „En það þarf samkomulag til, því það er alveg ljóst að stjórnarskráin ver þetta ígildi eignarréttar sem þarna er á ferð, alveg eins og annað.“

Steingrímur og Jóhanna áréttuðu bæði mikilvægi þess að mynd úrlausna fyrir bæði fólk og fyrirtæki í greiðsluvanda skýrðist sem fyrst. Frumvörp væru á mismunandi stigum og vonandi styttist í samkomulag við fjármálafyrirtækin um aðgerðapakka fyrir fyrirtæki. „En það er eitt sem er mikilvægt og vert að halda til haga,“ sagði Steingrímur. „Það þarf enginn að fresta því að fara í úrvinnslu sinna mála, standi honum til boða úrræði í dag, vegna þess að það verður aldrei neinn betri réttur af fólki tekinn. Þannig er eðli allra þessara aðgerða.“ **olikr@frettabladid.is**



**EFTIR RÍKISSTJÓRNARFUND** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra svöruðu spurningum fjölmiðlafólks að loknum ríkisstjórnarfundi í hádeginu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Niðurstaða útreikninga eftir næstu helgi

Gert er ráð fyrir að sérfræðingahópur sá er liggur yfir útreikningum vegna átta til níu leiða, sem gagnast eiga hópum sem ekki duga bráðaúrræði, liggi fyrir um eða eftir næstu helgi, að því er forsætisráðherra upplýsti eftir ríkisstjórnarfund í gær. Að útreikningunum koma Hagsmunasamtök heimilanna, fjármála- og forsætisráðuneyti, bankar, lífeyrissjóðir og Íbúðalánasjóður. Síðan segir Jóhanna að ríkisstjórnin þurfi að vinna úr niðurstöðunum með stjórnarandstöðunni áður en blásið verði til stórs fundar allra sem komið hafi að.

„Þannig að einhvern tíma mun þetta taka, en verið er að vinna hratt og örugglega að öllum þessum málum,“ sagði hún.

Jóhanna segir ekki búið að blása af með öllu flata almenna niðurfellingu skulda, óháð greiðslugetu og skuldastöðu, þótt enn standi orð hennar um að ólíklegt sé að samningar náist við lánastofnanir um slíkar aðgerðir. Verið sé að skoða fleiri útfærslur slíkra aðgerða, svo sem stiglækkandi niðurfærslu eftir skuldastöðu. „Það er verið að skoða ýmsar leiðir í því og það er það sem þessir reiknimeistarar eru að gera.“




## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

**ÉL NORÐANTIL**
Það verða él norðan- og austanlands næstu daga en þó ætti að verða bjart þar um tíma í dag. Sunnan- og vestanlands verður bjartviðri að mestu. Það er rétt að gera ráð fyrir næturfrosti víða um land næstu daga og möguleika á hálku að morgni dags.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 8° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 8° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 16° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 4° |
| París | 9° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*


Hátíð á Hilton
Við kynnum girnilega jóladagskrá á Hilton Reykjavík Nordica og VOX – nú er vandi að velja!
Dýrindis jólahlaðborð í hátíðarsal Hilton. Davíð Ólafsson og Stefán Helgi Stefánsson slá á létta strengi og syngja inn jólin með gestum okkar langt fram á kvöld. Hefst 19. nóvember - 18. desember öll föstudags- og laugardagskvöld.
Á sama tíma bjóða meistarakokkar VOX upp á stórglæsilegan jólamatseðil og ógleymanlega kvöldstund fyrir þá sem kjósa framúrskarandi þjónustu og umgjörð.
Ennfremur: Sunnudagsbröns og hádegishlaðborð virka daga með sérstöku jólaívafi frá 17. nóvember.
Nánari upplýsingar í síma 444 5052 eða hilton@hilton.is | www.hilton.is
VOX
RESTAURANT/BISTRO
Hilton
Reykjavik Nordica

## KJÖRKASSINN



*Þiggur þú húsaleigubætur?*

| | |
|---|---|
| Já | 8,2% |
| Nei | 91,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætti fremur að skerða starfshlutfall en að segja upp starfsfólki hjá Orkuveitunni?*

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Vildu sjá ákvæði um auðlindir og umhverfisrétt í nýrri stjórnarskrá:

# Fagna áhuga á stjórnlagaþingi

**STJÓRNMÁL** „Vonandi er að vel gangi að vinna úr þessu öllu. Þetta gæti orðið flókinn atkvæðaseðill," sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra á blaðamannafundi að loknum ríkisstjórnarfundi í gær um framboð á stjórnlagaþing. Hún og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra fögnuðu miklum áhuga á þinginu.

„Það var lítil hreyfing á þessu fyrst, en svo kom þessi fjöldi," sagði Jóhanna og kvað miklu skipta að málið væri nú komið í hendur fólksins. „Og það verður spennandi að sjá hver verður niðurstaðan á stjórnlagaþinginu."



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Steingrímur kvað framboðin endurspegla áhuga á stjórnarskránni og þeirri merkilegu tilraun sem verið væri að gera. „Mér finnst þetta spennandi og vona bara að nú fái stjórnarskráin góða umfjöllun," sagði hann.

Á fundinum voru Jóhanna og Steingrímur spurð hvort þau vildu sjá eitthvert eitt ákvæði umfram annað í nýrri stjórnarskrá.

„Auðlindir í þjóðareign," svaraði Jóhanna að bragði og undir það tók Steingrímur. „En ég vildi líka sjá meginreglur umhverfisréttarins koma þarna inn og vísa þar til ákvæða bæði í finnsku og norsku stjórnarskránni," sagði hann. - óká

Dæmt í bókastuldarmáli:

# Var sýknaður af hylmingu

**DÓMSMÁL Ari Gísli Bragason hefur í Héraðsdómi Reykjavíkur verið sýknaður af hylmingu.**

**Ara Gísla var gefið að sök að hafa tekið við hundrað fornbókum og átta Íslandskortum úr hendi Böðvars Yngva Jakobssonar, þótt hann vissi að þeirra hefði verið aflað með auðgunarbroti. Alls hafði 296 fornbókum og átta Íslandskortum að verðmæti um fjörutíu milljónir króna verið stolið úr safni Böðvars heitins Kvaran. Bækurnar hundrað voru hluti þýfisins.** - jss

## Framboð til stjórnlagaþings



Bergsveinn Halldórsson

Eðvald Einar Stefánsson

Davíð Blöndal





Gréta Ósk Óskarsdóttir

Grímur Sigurðarson

Guðmundur Vignir Óskarsson

Jóhann Halldórsson





Jóhann Jóhannsson

Jón Þorvaldur Heiðarsson



Ólafur Hannibalsson

Fyrrverandi Evrópuþingmenn:

# Hissa á skiptum skoðunum

**STJÓRNMÁL** Það kom sumum úr hópi fyrrverandi Evrópuþingmanna sem hittu Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að máli á mánudag, á óvart að mjög skiptar skoðanir eru innan ríkisstjórnar og Alþingis um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu.



JÓN BJARNASON

Þetta kemur fram í tilkynningu frá ráðherranum. Kemur þar jafnframt fram að þeir hinir sömu hafi spurt mjög út í hvernig hægt væri að vinna að aðildarsamningi við slíkar kringumstæður. Ekki fylgja upplýsingar um hverju Jón svaraði þeim spurningum. - bþs



**HELGILEIKUR Í ÖSKJUHLÍÐARSKÓLA** Þeir nemendur sem vilja fara í heimsókn í kirkju á ári hverju og setja upp helgileik í skólanum. MYND/JÓHANN

# Tillögur um bönn ekki úthugsaðar

**Ekki er ætlunin að hrófla við íslenskri menningu með tillögum um samstarfsslit skóla og kirkju, segir Margrét Sverrisdóttir. Bann við sálmasöngvum mögulega ekki hugsað til enda. Nauðsynlegt að skilgreina íslenska menningarhefð.**

**MENNTAMÁL** Formaður mannréttindaráðs Reykjavíkur segir margt af óljóst í tillögum meirihluta ráðsins um breytingar á samstarfi kirkju og skóla í Reykjavík.

„Það verður ekki hróflað við neinu sem hefur verið órjúfanlegur hluti af íslenskri menningu," segir Margrét Sverrisdóttir, formaður mannréttindaráðs. Hún segir að ekki sé verið að gera aðför að íslenskri menningu eða hátíðarhaldi almennt. Mögulega hafi tillögurnar um að hætta sálmasöng í skólum ekki verið hugsaðar til enda. Margir þeir trúarlegu sálmar sem sungnir eru í kringum jól séu vissulega hluti af íslenskri hefð og menningu.

„Líklega þarf að skilgreina íslenska menningu frekar," segir hún og bendir á að til að mynda sé ekki hægt að taka Jesú úr jólunum, þó að fræðsla barnanna eigi ekki að koma frá prestum.

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs, tekur undir orð Margrétar og segir tillögurnar ekki hafa neinar breytingar á hátíðarhaldi í skólum í för með sér.

„Það er ekki verið að taka afstöðu til helgihalds og trúarhátíða sem eru til staðar í íslensku samfélagi. Jólaballið, jólaföndrið, skreytingar, söngvar og aðventan eru til staðar í samfélaginu og auðvitað heldur það áfram," segir Oddný. Hún vill þó taka alfarið fyrir heimsóknir presta í leik- og grunnskóla og ferðir barna í trúarlegum tilgangi í kirkjur og aðrar trúarlegar stofnanir á skólatíma.

Nemendur Öskjuhlíðarskóla heimsækja kirkju um hver jól, og segist Jóhann Kristjánsson skólastjóri Öskjuhlíðarskóla harma það ef tillögurnar nái fram að ganga.

„Við þyrftum vissulega að hlíta því. En teljum það afturför og hörmum það," segir Jóhann.

sunna@frettabladid.is

## Hvað verður bannað og hvað leyfilegt*

**Bannað í leik- og grunnskólum**

- Heimsóknir presta og annara fulltrúa trúarstofnana
- Heimsóknir barna í kirkjur og aðrar trúarlegar stofnanir á skólatíma (nema í fræðilegum tilgangi eins og í trúarbragðafræðum)
- Dreifing trúarlegra rita í leik- og grunnskólum (til dæmis Nýja testamentisins)
- Auglýsingar og dreifibréf frá trúarlegum stofnunum
- Áfallahjálp og ráðgjöf í skólum sinnt af prestum
- Sálmasöngur í trúarlegum tilgangi
- Fermingarfræðsla á skólatíma
- Kennsla bæna

**Áfram hluti af starfi í leik- og grunnskólum**

- Litlu jólin
- Kristin fræði / trúarbragðafræði
- Aðventan
- Jólasöngvar
- Jóla- og páskaföndur og skreytingar

*Byggt á túlkun Margrétar Sverrisdóttur og Oddnýjar Sturludóttur á tillögum meirihluta mannréttindaráðs í samtölum við Fréttablaðið

Karlmaður slasaðist í sprengingu í húsi á Siglufirði:

# Grunur um neista úr slípirokki

**LÖGREGLUMÁL** Talið er að neisti úr slípirokki hafi valdið öflugri sprengingu sem varð í heimahúsi á Siglufirði í fyrrakvöld, að sögn rannsóknarlögreglunnar á Akureyri. Svo virðist sem annar íbúa hússins, karlmaður á sjötugsaldri, hafi verið að vinna með slípirokkinn þegar neisti komst í eldfim efni sem voru geymd á neðri hæðinni.

Maðurinn sem um ræðir slasaðist alvarlega í sprengingunni. Hann var fluttur með sjúkraflugvél til Reykjavíkur og á Landspítalann, eftir skamma viðdvöl á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Samkvæmt upplýsingum frá yfirlækni á gjörgæsludeild Landspítalans var manninum haldið sofandi í gær og var ástand hans óbreytt.



**TIMBURHÚS** Húsið sem sprengingin varð í er lítið tvílyft timburhús.

Maðurinn var einn við vinnu á neðri hæð hússins, sem er tvílyft timburhús, þegar sprengingin varð. Á neðri hæðinni eru þvottahús og geymsla. Ýmis raftæki eru þar, svo sem frystikista og þvottavél. Eldur kviknaði við sprenginguna en nágrönnum tókst fljótlega að slökkva hann.

Annar íbúi hússins var staddur á efri hæð þegar sprengingin varð.

Talsverðar skemmdir urðu á húsinu af völdum þrýstings frá sprengingunni. Rúður brotnuðu og veggir gengu til. - jss










| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös | 22/10 | kl. 20.00 | Ö | Fös | 5/11 | kl. 20.00 | U | Fös | 19/11 | kl. 20.00 | Ö |
| Lau | 23/10 | kl. 20.00 | Ö | Lau | 6/11 | kl. 20.00 | U | Lau | 20/11 | kl. 20.00 | Ö |
| Lau | 30/10 | kl. 20.00 | U | Fim | 11/11 | kl. 20.00 | U | Sun | 21/11 | kl. 15:00 | síðdegissýning |
| Sun | 31/10 | kl. 20.00 | Ö | Fös | 12/11 | kl. 20.00 | Ö | Lau | 27/11 | kl. 20:00 | Ö |

Tryggðu þér miða í síma **551 1200** eða smelltu þér á **leikhusid.is**



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

SHAREPOINT 2010
NOTENDANÁMSKEIÐ

Microsoft SharePoint 2010
Microsoft CERTIFIED Partner Learning Solutions

Mjög öflugt 3ja daga námskeið fyrir Sharepoint 2010 notendur. Þetta er “hands on” námskeið þar sem nemendur fara í gegnum margar krefjandi æfingar undir handleiðslu kennara sem tryggir að nemendurnir uppgötvi sjálfir leyndardóma Sharepoint 2010.

Þetta námskeið hentar þeim sem eru að vinna með SharePoint vefi, lista og skjalasöfn. Góð innsýn er veitt inn í uppbyggingu SharePoint og hagnýtar aðferðir við stjórnun efnis eru kenndar.

**Helstu námsgreinar:**

» Listar, skjalasöfn og sýnir
» Stofnun og viðhald vefja og vefsíðna
» Aðgangsstýringar, notendur og notendahópar
» Aðlögun útlits vefja
» Notkun vefparta
» Stjórnun vefsetra
» Skjalastjórnun
» Verkferli

OPIN KERFI 25 ára

Kennari á námskeiðinu:



Halldór Kári Hreimsson er Microsoft ráðgjafi sem hefur starfað hjá Opnum kerfum í 3 ár og er reyndur fyrirlesari. Halldór hefur sinnt ráðgjöf og þjónustu hjá mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins og hefur yfirgripsmikla reynslu af innleiðingu og rekstri SharePoint lausna.

Lengd: 3 dagar
Verð: 147.000.- eða 3 MS leyfisdagar (allt innifalið)
Kennt er 2. til 4. nóvember frá kl. 9-16

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – HLÍÐASMÁRA 9 - 201 KÓPAVOGI - 544 4500 - NTV.IS



MORGUN ÞÁTTURINN ÓMAR
ALLA VIRKA DAGA
KL. 7 – 11
X 97·7

Hæstiréttur Íslands vísar frá dómi kröfu gegn Skattstjóranum í Reykjavík:

# Mega sýna álagningarskrár áfram

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur vísað frá máli Borgars Þórs Einarssonar gegn Skattstjóranum í Reykjavík. Krafist var viðurkenningar á því að skattstjóra væri óheimilt að leggja fram til sýnis álagningarskrá þar sem tilgreindir voru skattar sem á hann höfðu verið lagðir. Taldi stefnandi að með þessu væri brotið gegn friðhelgi einkalífs hans.

Málinu var vísað úr héraðsdómi á síðasta ári á þeim rökum að þrátt fyrir að tekið yrði tillit til krafna stefnanda og bannað væri að birta fjárhæðir einstakra skatta, sem lög um tekjuskatt taka fram, væri engu að síður heimilt að birta fjárhæð skatta og gjalda samkvæmt öðrum lögum. Þar með talið er útsvar, sem heyrir undir lög um tekjustofna sveitarfélaga, og ætti að geta gefið jafngóðar upplýsingar um tekjur stefnda og hinar upphæðirnar.



**SKYGGNST Í SKATTANA** Borgar Þór Einarsson mótmælti aðgangi almennings að álagningarskrám á skrifstofu skattstjóra fyrir nokkrum árum.

Því taldi Hæstiréttur að krafan veitti ekki úrlausn um réttindi hans, heldur fæli einungis í sér að leitað væri álits dómstóla um lögfræðilegt efni.

Af slíku hefði stefndi ekki lögvarða hagsmuni og því hefði verið óhjákvæmilegt að vísa málinu frá dómi. Aðilar munu bera hvor sinn kostnað af málinu. **- þj**



**SJÚKRAHÚS** Dr. Brigit Toebes segir að gæta verði að mannréttindum við niðurskurð í heilbrigðiskerfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Heilbrigðisþjónusta er mannréttindi

**Kunn fræðikona í heilbrigðisrétti segir að hagræðing og niðurskurður í heilbrigðiskerfinu verði að taka tillit til mannréttindasáttmála. Margir hópar eigi rétt á þjónustu í heimabyggð. Sérhæfðari starfsemi verði þó á stærri stöðum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Dr. Brigit Toebes, lagaprófessor og virtur fræðimaður á sviði heilbrigðisréttar og alþjóðlegrar mannréttindaverndar, segir fyrirhugaðan niðurskurð í íslenska heilbrigðiskerfinu verða að taka mið af mannréttindum.



**DR. BRIGIT TOEBES**

Toebes heldur fyrirlestur á vegum lagadeildar Háskólans í Reykjavík á morgun þar sem hún ræðir meðal annars sparnað í heilbrigðiskerfinu, hagræðingu og einkavæðingu og hvernig það tengist mannréttindum.

Í samtali við Fréttablaðið segir Toebes að allar hugmyndir um niðurskurð og hagræðingu í íslenska heilbrigðiskerfinu verði að samræmast þeim alþjóðlegu mannréttindasáttmálum sem Ísland sé aðili að.

„Samkvæmt alþjóðasáttmálum hefur hver einstaklingur rétt á heilbrigðisþjónustu,“ segir Toebes. „Þar sem Ísland er aðili að öllum þessum samningum hafa landsmenn lögbundinn rétt til heilsugæslu.“

> Þar sem Ísland er aðili að öllum þessum samningum hafa landsmenn lögbundinn rétt til heilsugæslu.
>
> **DR. BRIGIT TOEBES**
> PRÓFESSOR Í LÖGUM

Hún bætir því við að þó að erfitt sé að skilgreina nákvæmlega hvað felist í umræddum rétti sé hægt að finna þar ýmis lykilatriði.

„Í fyrsta lagi er það landfræðileg nálægð, sem felur í sér að ákveðin lágmarksþjónusta eigi að standa öllum til boða, einnig á afskekktum svæðum. Önnur spurning er svo hvers konar þjónusta á að vera í boði á staðbundnum heilsugæslustöðvum. Um þetta hefur lengi verið deilt, en það er sennilega viðunandi að sérhæfðari verkefni séu á höndum stærri sjúkrahúsanna. Hvað varðar önnur verkefni er mikilvægt að horfa til mannréttindasáttmála og hvað þeir segja um réttindi viðkvæmari hópa.“

Toebes tekur sem dæmi réttindi barna og fatlaðra þar að lútandi, en í sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra er skýrt kveðið á um að þjónusta skuli veitt eins nálægt heimili og mögulegt er.

„Þá er afdráttalaust í kvennasáttmálanum að stjórnvöldum beri að tryggja konum viðeigandi þjónustu í sambandi við þungun, barnsburð og tímabilið eftir fæðingu.“

Sú röksemdafærsla hefur ekki síst verið tiltekin sem rök gegn skertri sjúkraþjónustu á landsbyggðinni, en víst er að þó nokkuð í máli Toebes á vel við í umræðunni hérlendis. Fyrirlestur hennar hefst klukkan 12 og er öllum opinn.

**thorgils@frettabladid.is**

Forsætisráðherra Bretlands kynnir harkalegan niðurskurð í hermálum:

# Ekkert sparað í Afganistan

**BRETLAND, AP** Breska stjórnin hefur ákveðið að grípa til sparnaðaraðgerða í hernaðarmálum, og er það liður í margboðuðum niðurskurði í ríkisfjármálum sem stjórnin telur sig nauðbeygða til að ráðast í.

David Cameron forsætisráðherra tók þó fram að ekkert verði dregið úr þátttöku Breta í hernaðinum í Afganistan. Heildarframlög ríkisins til hermála verði auk þess áfram meira en tvö prósent af þjóðarframleiðslu, eins og Atlantshafsbandalagið gerir kröfu um. Breski herinn verði áfram sá fjórði stærsti í heimi.



**CAMERON RÆÐIR VIÐ HERMENN** David Cameron, forsætisráðherra Breta, kynnti niðurskurðinn í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Alls verður hermönnum fækkað um sautján þúsund og starfsmönnum varnarmálaráðuneytisins um 25 þúsund. Þá verður öldnu flugmóðurskipi lagt og heill floti herþotna tekinn úr notkun og smíði fjögurra nýrra kafbáta verður frestað til 2016.

Niðurskurðurinn nemur átta prósentum af heildarútgjöldum til hermála á fjárlögum næstu fjögurra ára.

Cameron skýrði Barack Obama Bandaríkjaforseta frá þessu símleiðis áður en hann kynnti bresku þjóðinni áformin. **- gb**






## DUX CLASSIC

2 DUX Classic 90x200cm/Xtandard
yfirdýna 180x200cm og fætur

**Tilb kr 360.000**



## DUX VISTA CLASSIC PAKKI

2 DUX Classic 90x200cm/Xtandard
yfirdýna 180x200cm/23cm fætur/
Vista höfuðgafl og Mathilda rykfaldur.

**Tilb kr 457.000**

**20% afsláttur af öllum vörum og öllum pöntunum dagana 21, 22 og 23. október.**

# DUXIANA®

ADVANCED TECHNOLOGY IN SLEEPING

Ármúla 10 | sími: 5689950 | www.duxiana.com

Alþjóðleg ráðstefna
á vegum Skottanna

Kynferðis-
ofbeldi

Háskólabíói við Hagatorg
24.okt. 2010 kl. 10–17

Ráðstefnugjald 3.000 kr.
Skráning fer fram á www.kvennafri.is

Sunnudagur 24. okt.

Kl. 10.00–10.15 Frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrum forseti og verndari Skottanna setur ráðstefnuna

Kl. 10.15–10.45 Umboðskona Sameinuðu þjóðanna í ofbeldismálum, frú Rashida Manjoo

Kl. 10.45–11.15 Janice Raymond prófessor, Coalition against Trafficking in Women: „Resisting the Demand for Prostitution and Trafficking“

Kl. 11.15–11.30 Menningaratriði

Kl. 11.30–12.00 John Crownover frá CARE International NWB: „Young Men´s Initiative“

Kl. 12.00–13.30 Hádegisverður og menningaratriði

Kl. 13.30–14.00 Knut Storberget, dómsmálaráðherra Noregs og meðlimur í „We Must Unite“, sem er hópur 14 heimsþekktra karlleiðtoga, á vegum Ban Ki-moon´s aðalritara Sameinuðu þjóðanna, sem hafa skuldbundið sig til þess að setja baráttuna gegn kynferðisofbeldi í forgang í störfum sínum

Kl. 14.00–14.30 Dr. Esohe Aghatise: „Gender Violence in Africa: Prostitution and Trafficking in Select African Countries“

Kl. 14.30–15.00 Ruchira Gupta, forseti Apne Aap Women Worldwide, Indlandi

Kl. 15.00–15.30 Kaffi

Kl. 15.30–16.00 Taina Bien Aime, framkvæmdastýra samtakanna EQUALITY NOW!: „Grassroots Activism to End Women’s Rights Violations“

Kl. 16.00–16.30 Margarita Guille, í stjórn alþjóðasamtaka kvennaathvarfa: „Shelters and Women at Risk in Latin America, Why Do We Need to Network?“

Kl. 16.30–17.00 Guðrún Jónsdóttir, stjórnarformaður Skottanna: „The Burning Iissues in the Fight Against Gender Based Violence in Iceland“

Fundarstýra Kolbrún Halldórsdóttir

Skottur
Samstarfsvettvangur íslenskra kvennasamtaka

**FRÉTTASKÝRING:** Er Ísland varið gegn tölvuárásum?

# Stjórnvöld sögð varnarlaus gegn tölvuárásum

**Á meðan hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa byggt upp varnir gegn tölvuárásum hafa íslensk stjórnvöld verið aðgerðalítil. Undirbúningur hófst árið 2008 en ekki hefur fengist fé til slíkra varna.**



**ÞRJÓTAR** Alþjóðastofnanir og stofnanir stórra ríkja verða reglulega fyrir árásum tölvuþrjóta.

NORDICPHOTOS/AFP

Hryðjuverkaárásir og tölvuárásir eru meðal þeirra ógna sem bresk stjórnvöld telja helst steðja að Bretlandi um þessar mundir, samkvæmt nýrri skýrslu um varnarmál. Aðrar Norðurlandaþjóðir hafa á undanförnum árum lagt áherslu á uppbyggingu varna gegn tölvuárásum en Íslendingar hafa setið eftir og eru með litlar sem engar varnir gegn slíkum árásum.

Tölvuárásir geta verið af margvíslegum toga og misalvarlegar. Þær eru í sumum tilvikum gerðar til að brjótast inn í tölvukerfi í þeim tilgangi að afla upplýsinga eða skemma gögn.

Aðrar árásir miða að því að lama vefsíður og jafnvel samskiptakerfi heilla landa með því að auka álagið á þessi kerfi úr öllu hófi. Það getur leitt til þess að Netið virkar illa eða ekki og getur haft áhrif á sum símkerfi og fleira.

Þeir sérfræðingar sem Fréttablaðið hefur ráðfært sig við telja að líkurnar á árásum af þessum toga hér á landi séu nægilega miklar til þess að þörf sé á því að byggja upp varnir gegn þeim.

Alvarlegri árásir eru einnig mögulegar, en þær eru mun ólíklegri almennt séð, hvað þá hér á landi. Dæmi um slíkar árásir væri að nota segulbylgju til að skemma harða diska í ákveðinni byggingu eða byggingum, sem eyðileggur öll gögn á diskunum.

Sérfræðingar eru sammála um að Íslendingar þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af þessum möguleika, en tiltölulega ódýrt sé að vera viðbúinn honum. Það megi gera með því að geyma öryggisafrit af mikilvægum tölvukerfum í vörðum byggingum. Slíkar byggingar eru til á svæði Varnarmálastofnunar á Miðnesheiði.

Danir ákváðu árið 2008 að koma þyrfti upp vörnum við tölvuárásum, og buðu íslenskum stjórnvöldum samstarf. Boðið var þegið og starfsmaður Varnarmálastofnunar fenginn til að sinna því. Samstarfið náði ekki lengra en á undirbúningsstigið. Þegar kom að því að dönsk stjórnvöld fóru að fjárfesta í búnaði og þjálfun fyrir sérfræðinga sína heltist Ísland úr lestinni.

Einnig hefur verið unnið að undirbúningi innan Póst- og fjarskiptastofnunar, en þar eins og hjá Varnarmálastofnun stoppar málið á kostnaðinum.

Sérfræðingar á sviði fjarskipta- og varnarmála sem Fréttablaðið hefur rætt við segja stjórnvöld ekki hafa neinar leiðir til að bregðast við tölvuárás eins og aðstæður séu í dag. Norðmenn eru komnir lengra en Danir og hafa mun öflugri varnir en Danir hafa hugsað sér að byggja upp.

Ekki er ljóst hver kostnaður Íslands af því að koma upp vörnum gegn tölvuárásum gæti verið. Áætlun sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur gert hljóðar upp á fimmtíu til sextíu milljóna króna kostnað á ári og um tíu milljóna króna upphafskostnað til viðbótar.

Atlantshafsbandalagið hefur byggt upp varnir gegn tölvuárásum en þær varnir miðast að miklu leyti við að verja eigin kerfi og koma til aðstoðar sé árás gerð á tölvukerfi vinveitts lands.

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is



## Tölvukerfi tveggja þjóða sett á hliðina

Tvö þekkt dæmi eru um tölvuárásir sem beinst hafa að heilu þjóðríkjunum. Í báðum tilvikum var um álagsárásir (e. denial of service) að ræða, þar sem tölvuþrjótar notuðu tölvur víða um heim til að auka álag á fjarskiptakerfi landanna svo mikið að þau fóru á hliðina í lengri eða skemmri tíma.

■ **Eistland 2007:** Stjórnvöld í Eistlandi stóðu í deilum við Rússland þegar gerðar voru álagsárásir á mikilvægar vefsíður í landinu. Álagið á fjarskiptakerfi landsins jókst um þúsundir prósenta á nokkrum sekúndum. Afleiðingarnar voru meðal annars þær að tölvukerfi í stofnunum og fyrirtækjum lömuðust. Ástandið var verst fyrstu vikuna, en árásirnar héldu áfram í um það bil mánuð með tilheyrandi raski.

■ **Georgía 2008:** Tölvuárásir voru gerðar á fjarskiptakerfi Georgíu á meðan stríðsátök landsins við Rússland vegna Suður-Ossetíu stóðu yfir. Stjórnvöld sáu sér þann kost vænstan að loka fyrir aðgengi að mikilvægum vefsíðum til að koma í veg fyrir að tölvuþrjótum tækist að nálgast upplýsingar.

## Ísland svo háð tölvukerfum að nauðsynlegt er að verja þau

Lítið land eins og Ísland ætti ekki að hafa minni áhyggjur af tölvuárásum en stærri ríki, enda tölvuárásir þess eðlis að þær gera ekki upp á milli ríkja, segir dr. Paul Cornish, sérfræðingur í alþjóðlegum varnarmálum við Chatham House hugveituna í Bretlandi.

Hann bendir á að lönd sem séu lengra komin í því að koma á rafrænni stjórnsýslu en stærri lönd á borð við Bretland ættu að taka hættuna á tölvuárásum alvarlega.

„Ég sé ekki fyrir mér að margir tölvuþrjótar eigi sér þann draum heitastan að komast inn í tölvukerfin á Íslandi, á svipaðan hátt og marga þeirra dreymir um að komast inn í kerfin hjá varnarmálaráðuneytinu í Bandaríkjunum,“ segir Cornish.

Hann segir að hafa verði í huga að Ísland sé mjög háð sínum tölvukerfum, svo varnir þeirra kerfa ættu að vera mönnum ofarlega í huga.

„Það sem á við í öðrum löndum á einnig við á Íslandi. Viðbrögðin við mögulegri tölvuárás verða að koma frá stjórnvöldum, ríkisstofnunum, almenningi og fyrirtækjum,“ segir Cornish. Árásir geti gert mikinn skaða og samstöðu þurfi um að vinna gegn því að svo verði.

Ógnirnar geta verið af mörgum toga, segir Cornish. Þær geta komið frá táningi sem brýst inn í tölvukerfi til að sýna að hann geti það. Glæpamenn getu einnig ógnað öryggi tölvukerfa, sérstaklega þeir sem tengdir séu skipulagðri glæpastarfsemi. Sama eigi við um hryðjuverkamenn. Þá sé einnig mögulegt að ógn geti starfað af tölvuárásum eins þjóðríkis á annað, þó að enn séu engin staðfest dæmi um slíkt.

LYFJA
– Lifið heil
www.lyfja.is



Hjúkrunarþjónusta
í Lyfju Lágmúla

Veitum ýmsa sérhæfða þjónustu,
m.a. aðstoð við léttar sáraskiptingar
og við að fjarlægja sauma.

Þjónustan er opin virka daga frá kl. 8 -17.

# S24 = HAGSTÆÐARI INNLÁNSVEXTIR




**S24 býður hagstæðari kjör á óbundnum, óverðtryggðum innlánsreikningi. Það kostar ekkert að stofna sparnaðarreikning hjá S24.**

## SPARNAÐUR FYRIR FYRIRTÆKI OG EINSTAKLINGA

**Í meira en 10 ár hafa einstaklingar getað ávaxtað sparnað sinn hjá S24. Nú gerum við betur og bjóðum einnig fyrirtækjum og félögum að nýta sér betri kjör á óverðtryggðum innlánsreikningi okkar. Kynntu þér málið, það kostar ekkert.**

**Kíktu á www.s24.is eða hringdu í síma 533 2424 – og þú hagnast.**

*Á www.keldan.is er að finna samanburð á sambærilegum innlánsreikningum banka og sparisjóða fyrir 1 milljón til 9.999.999, 10.000.000 til 49.999.999, 50.000.000 – 99.999.999 og 100 milljónir og hærra. Í öllum þessum flokkum býður S24 upp á hagstæðustu kjörin. Myndin í auglýsingunni tekur mið af samanburði m.v. 1 milljón til 9.999.999. Upplýsingar eru teknar af www.keldan.is þann 11.10.2010.

DYNAMO REYKJAVIK

## Sparnaðarreikningur S24

- Betri innlánsvextir
- Enginn binditími
- Engin lágmarksupphæð
- Óverðtryggður sparnaður
- Engin úttektarþóknun
- Innlánsvextir 3,45%- 5,35%**

S24 ...og þú hagnast

**Skv. vaxtatöflu S24 11.10.2010

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Af hverju viðgengst enn að fólk borgi félagsgjald í félögum sem það vill ekki vera í?

## Nóg komið af dómunum

Stundum þurfa sprenglærðir dómarar að kveða upp ótal dóma, studda vandaðri lögfræðilegri röksemdafærslu áður en fólki dettur í hug að gera það sem einföld, heilbrigð skynsemi býður. Þetta virðist eiga við um spurninguna hvort Alþingi megi með lögum skylda fólk til að borga félagsgjald í félagi sem það er ekki í og vill ekki vera í, telur jafnvel vinna gegn hagsmunum sínum.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Hæstiréttur Íslands hafði ítrekað kveðið upp dóma þess efnis að svokallað iðnaðarmálagjald bryti ekki gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Það var gjald sem iðnfyrirtæki greiddu og rann til Samtaka iðnaðarins, jafnvel þótt viðkomandi fyrirtæki væru ekki í samtökunum. Síðastliðið vor komst Mannréttindadómstóll Evrópu hins vegar að þeirri niðurstöðu að gjaldið bryti gegn félagafrelsisákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu. Þar með var það úr sögunni.

Pétur Blöndal alþingismaður, sem lengi hefur barizt fyrir því að fólk þurfi ekki að borga til félaga sem það vill ekki vera í, spurði þá Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á Alþingi hvort önnur svipuð gjöld færu ekki sömu leið. Pétur nefndi þar meðal annars búnaðargjald, sem ríkið leggur á bændur en rennur að hluta til Bændasamtakanna og búnaðar- og búgreinasamtaka, og skyldugreiðslu opinberra starfsmanna til lögboðins stéttarfélags, jafnvel þótt þeir séu ekki í viðkomandi félagi.

Forsætisráðherra lofaði þá að skoða málið, en taldi ólíklegt að þessum gjöldum yrði aflétt eins og iðnaðarmálagjaldinu.

Nú hefur Hæstiréttur komizt að þeirri niðurstöðu að ólöglegt sé að innheimta af útgerðarmönnum smábáta gjald af aflaverðmæti, sem rennur að hluta til Landssambands smábátaeigenda. Útgerðarfélag, sem vildi ekki vera í sambandinu, lét reyna á þessa gjaldtöku og hafði sitt fram. Rétturinn telur gjaldið brjóta bæði eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og ákvæði hennar um félagafrelsi.

Framkvæmdastjóri Landssambandsins segir ósköp beygður í Fréttablaðinu í dag að félagsskapurinn verði að finna sér nýjar leiðir til tekjuöflunar, jafnvel að leggja á félagsgjald (þá væntanlega á þá sem eru og vilja vera í félaginu)! Merkilegt að engum þar á bæ skuli hafa dottið það í hug fyrr.

Er nú ekki hægt að hætta þessum vandræðagangi og komast hjá því að höfða þurfi fleiri dómsmál til að koma því á hreint að ekki megi skylda fólk til að borga til hagsmunasamtaka, sem það er ekki í? Með því má spara lögfræðikostnað, tíma og peninga dómstólanna og forða Alþingi frá enn frekari niðurlægingu. Jóhanna hlýtur að taka á sig rögg og beita sér fyrir því að Alþingi afnemi þessa úreltu gjaldtöku, hvaða nafni sem hún nefnist.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



*Náttúruleg vellíðan*

ERTU MEÐ
VIÐKVÆMA HÚÐ?

Finnur þú fyrir þurrki í leggöngum, kláða, sveppasýkingu eða færðu sár við notkun dömubinda?
Prófaðu þá Natracare lífrænar hreinlætisvörur, án klórs, ilm- og plastefna.



natracare®
LÍFRÆNAR HREINLÆTISVÖRUR
www.natracare.is


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kúvent

Þegar Ragna Árnadóttir, sem eitt sinn var ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu, lét af starfi dómsmálaráðherra fyrir hálfum öðrum mánuði var hún spurð hvort hún ætlaði að halda áfram störfum fyrir ráðuneytið. Það þótti henni afar ólíklegt. Þegar hún var í kjölfarið spurð hvort hún ætlaði að starfa áfram í stjórnsýslunni sagðist hún ekki viss. Nú væri kannski bara kominn tími á eitthvað alveg nýtt. Svo fór hún og sótti um starf ráðuneytisstjóra í innanríkisráðuneytinu og velferðarráðuneytinu.



### Alveg nýtt

Ögmundur Jónasson mun skipa ráðuneytisstjóra innanríkisráðuneytisins. Hann lendir þar í þeirri sérstöku stöðu að ákveða hvort hann skuli skipa forvera sinn í embætti í stöðuna. Það er alveg nýtt.

### Hringl

Einu sinni var til embætti borgarritara. Hann var einn nánasti samstarfsmaður borgarstjóra í embættismannakerfinu. Embættið var lagt niður árið 2005 í borgarstjóratíð Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur. Þá var Dagur B. Eggertsson í meirihluta í borgarstjórn. Svo komust sjálfstæðismenn og framsóknarmenn til valda. Þeir endurreistu embættið. Eins og frægt er orðið varð Dagur B. Eggertsson næst borgarstjóri í nokkra daga. Hann beið ekki boðanna og lagði embættið af aftur. Og nú er búið að kjósa. Dagur er oddviti í meirihluta. Og þá er ráðið í starf sem er að sögn meirihlutans svipað embætti borgarritara. Furðulegt.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ráðherra hefur rangt eftir


Menntamál



Inga Dóra Sigfúsdóttir
prófessor við Columbia-háskóla í New York og við Háskólann í Reykjavík.


Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefur rangt eftir mér í Fréttablaðinu síðastliðinn fimmtudag. Þar segir ráðherra mig hafa kvartað yfir því í blaðaviðtali að hún hafi „ekki beitt sér gegn“ þeirri ákvörðun að loka kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík. Þetta er ekki rétt.

Orðrétt sagði ég í blaðaviðtalinu: „Á fundi sem ég átti í ráðuneytinu í vor sögðu þau það ekki sitt hlutverk að skipta sér af því sem gerðist innan skólanna. Það má til sanns vegar færa en hins vegar ber ráðuneyti menntamála ábyrgð á því að háskólarnir uppfylli alþjóðleg viðmið um gæði starfsins og háskólastarfið sé faglegt.“ Ég var því ekki að óska eftir því að ráðherra hlutaðist til um einstakar ákvarðanir háskólanna, enda væri það brot á meginreglu háskólastarfs um mikilvægi akademísks frelsis.

Ég kvartaði hins vegar sárlega undan skorti á fagmennsku í störfum ráðherra og menntamálaráðuneytisins, og benti á mikilvægi fagmennsku sem leiðarljóss þegar teknar væru erfiðar ákvarðanir um niðurskurð. Aðeins þannig verður íslenskum nemendum tryggð góð háskólamenntun.

Orðrétt sagði ég í viðtalinu sem ráðherra vitnar í: „Í háskólageiranum erum við svo heppin að hafa mjög skýrar alþjóðlegar reglur og viðmið sem þeir háskólar sem hafa náð bestum árangri í heiminum hafa fylgt um aldaraðir og snúa m.a. að því hvernig árangur er metinn, að virku rannsóknarstarfi í skólunum og akademísku frelsi þeirra. Nákvæmlega sama á að gilda um íslenska háskóla.“ Þetta er meginatriðið. Það er ótvírætt skylda menntamálayfirvalda hvers lands að sjá til þess að fyrir liggi skýr menntastefna, að um menntastarfið gildi leikreglur og að eftirlit sé virkt með að þessum leikreglum sé fylgt.

Við erum þátttakendur í alþjóðlegu háskólaumhverfi. Við munum ekki geta beitt öðrum reglum á Íslandi. Við reyndum að telja okkur trú um það í uppsveiflunni og hruninu að annað gilti um okkur sem værum fá og smá, en aðra. Erum við ekki búin að læra þá lexíu að það gengur ekki? Við verðum að gæta að því að háskólastarfið verði ekki eyðilagt. Sú ábyrgð hvílir á herðum menntamálaráðherra. Sé fólk ekki tilbúið að axla þá ábyrgð á það ekki að taka að sér ráðherradóm. Íslenska þjóðin á rétt á því. Það vekur sífellt athygli hve íslenskir ráðamenn eiga erfitt með að skilja einfalda hluti.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Opið og aðgengilegt samningaferli

Evrópumál

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Í aðdraganda viðræðna okkar um aðild Íslands að Evrópusambandinu hef ég kappkostað að hafa sem mest samráð. Gildir það jafnt um Alþingi, almenning, sveitarfélög, hagsmunasamtök í atvinnugreinum og félagasamtök, forystu einstakra stjórnmálaflokka og aðra sem málið varðar. Ég hef líka gætt þess að upplýsa þá granna okkar og samstarfsþjóðir sem eins og við standa enn þá utan sambandsins. Það er einbeittur vilji ríkisstjórnarinnar að hafa allar upplýsingar á takteinum fyrir almenning, eftir því sem mögulegt er. Þó að Íslendingar hafi síðustu fimmtán árin verið í stöðugt nánara samstarfi við Evrópusambandið, og séu í reynd með hálfgildings aukaaðild að því gegnum EES-samninginn, þá er ákvörðun um að ráðast í samninga um fulla aðild stórt skref fyrir þjóðina.

Það er því mikilvægt, ekki síst af sjónarhóli lýðræðis, að allar upplýsingar um samningaferlið og viðræðurnar séu á hverju stigi sem aðgengilegastar. Þannig getum við best eytt tortryggni. Það auðveldar landsmönnum að fylgjast með samningaviðræðunum og taka að endingu upplýsta afstöðu með eða á móti samningnum. Því á endanum verður það þjóðin, en ekki stjórnmálamenn, sem ákveður í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort það þjónar hagsmunum Íslands að ganga í Evrópusambandið.

### Víðtækt og náið samráð

Víðtækt samráð var haft um skipan aðalsamningamannsins, Stefáns Hauks Jóhannessonar sendiherra, og ég afréð ekki skipun hans fyrr en ljóst var að um hana ríkti breið samstaða. Sömu vinnubrögð voru viðhöfð við að skipa samninganefndina sjálfa. Þess var vandlega gætt að faglegir verðleikar og samningareynsla réðu vali á nefndarmönnum. Nefndin endurspeglar bæði viðhorf landsbyggðar og þéttbýlis. Í átján manna samninganefnd er kynjasjónarmiða gætt til fulls. Þar eru jafnmargir karlar og konur. Leiðsagnar utanríkismálanefndar Alþingis um reynda fulltrúa úr háskólasamfélaginu var ríkulega gætt, en varaformenn nefndarinnar hafa gegnt forystuhlutverkum innan háskólanna norðan heiða og sunnan.

Fjölmargir, ríflega 200 manns, koma að samningaferlinu öllu sem þátttakendur í einstökum samningahópum. Tíu samningahópar eru starfandi um einstaka málaflokka, s.s. sjávarútveg, landbúnað, gjaldmiðlamál og byggðamál auk málaflokka á sviði EES-samningsins eins og umhverfismála, neytendamála o.fl. Ég gætti þess vandlega að hafa náið samráð og samstarf við hagsmunasamtök sem tengjast viðkomandi greinum um val fulltrúa í samningahópana. Ekki var gengið frá skipan mikilvægustu formanna samningahópanna fyrr en búið var að ganga úr skugga um að samstaða ríkti um þá.

Raunar komu tillögur að þeim innan úr viðkomandi atvinnugreinum. Þeir voru valdir til forystu án þess að ég hefði hugmynd um hvort þeir væru með eða á móti aðild. Aðalatriðið í mínum huga var að viðkomandi nytu trausts og væru faglega framúrskarandi. Samráðið við hagsmunasamtök hefur því verið með eins opnum og ríkum hætti og þau sjálf hafa kosið. Það er vafalítið lykillinn að því hve breið sátt hefur skapast um samningalið Íslands.

### Upplýsingagjöf til almennings

Það er sömuleiðis lykilatriði að halda almenningi eins upplýstum og kostur er um framvindu viðræðnanna. Utanríkisráðuneytið lét því á sínum tíma birta á vef sínum allar spurningarnar, 2.500 talsins, sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins beindi til okkar þegar hún undirbjó skýrslu sína um Ísland. Svör íslensku stjórnsýslunnar, 2.600 blaðsíður auk fylgiskjala, alls 8.700 blaðsíður, voru síðan birt á vef okkar um leið og þau voru formlega afhent framkvæmdastjórninni í Brussel. Áður hafði efni þeirra verið kynnt utanríkismálanefnd þingsins, þar sem allir flokkar eiga fulltrúa.

Fjölmargir notfærðu sér vefinn til að skoða bæði spurningar og svör. Það vakti sérstaka athygli mína að engar neikvæðar athugasemdir bárust vegna svaranna. Aðfinnslur voru tæpast viðraðar opinberlega. Það staðfestir í senn hátt gæðastig undirbúningsvinnu okkar og sýnir traust almennings á henni.

Til að sýna áfram gagnsæi í verki hef ég haldið áfram þessari upplýsingamiðlun úr kjarna undirbúningsvinnunnar með því að birta opinberlega á vef ráðuneytisins fundafrásagnir bæði einstakra samningahópa og aðalsamninganefndar. Greinargerðir einstakra samningahópa til undirbúnings rýnifundum með ESB verða birtar á næstu vikum. Þegar samningsafstaða Íslendinga í einstökum málaflokkum hefur verið kynnt gagnaðilum okkar verður hún líka birt opinberlega, með þeim hætti sem samningafólkið okkar telur ekki skaða samningshagsmuni Íslands. Hinu sama mun gegna um ýmsar sérfræðiskýrslur sem unnar verða í samningaferlinu. Eini mælikvarðinn sem settur verður er hvort birting kann að skaða samningshagsmuni Íslands.

Öll gögn sem varða samningaviðræður Íslands við ESB er nú að finna á sérstakri heimasíðu, esb.utn.is, sem og hnitmiðaða útskýringu á ferlinu sjálfu.

Í sumar fól ég einnig aðalsamningamanni okkar að eiga fundi með samtökum víðs vegar um okkar góða land til að kynna stöðuna í aðdraganda viðræðnanna og miðla þar þeim upplýsingum sem menn óska eftir. Fyrstu yfirferð hans um landið er lokið og almenn ánægja hefur ríkt með tök hans á málinu.

### Þátttaka þjóðarinnar

Rafræn stjórnsýsla er á fleygiferð, og við Íslendingar eigum að nýta okkur kosti hennar til að greiða enn frekar fyrir þátttöku þjóðarinnar í samningunum. Ég tók því ákvörðun um, að ábendingu Hauks Arnþórssonar stjórnsýslufræðings sem hefur sérhæft sig á þessu sviði, að veita Íslendingum öllum beina hlutdeild í umsóknarferlinu með því að setja á fót gagnvirka vefsíðu, sem verður opnuð innan tíðar. Þar munu borgarar landsins geta spurt spurninga og fengið svör, gert athugasemdir við einstök mál og komið á framfæri ábendingum eða gagnrýni, en líka haft reglulega samræðu við aðalsamningamann, sérfræðinga eða ráðherrann sjálfan, eftir því sem tilefni er til.

Því má slá föstu að aldrei áður hafa stjórnvöld átt í jafnmikilvægum samningum sem hafa verið undirbúnir með jafnlýðræðislegum og opnum hætti og núverandi viðræður um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Það er langbesta leiðin til að eyða tortryggni og auðvelda mönnum að taka afstöðu á málefnalegum og upplýstum forsendum.

DOMTI®
Nordica

Domti hefur ákveðið að lækka hæsta verð úr 990.- í 690.- fyrir heimilin í landinu, þökkum frábærar móttökur.

20.000 vörunúmer




Snyrtivörur | Hárvörur | Silkiblóm
Hreinlætisvörur | Nærfatnaður | Glervörur
Skófatnaður | Ilmvötn | Myndarammar
Ritföng | Kerti | Búsáhöld
Leikföng | Partývörur | Baðvörur
Plastvörur | Gjafavörur | Rekstrarvörur
Pappír | Verkfæri | Vetrarfatnaður
Heimilið | Bílavörur | Garn
Gæludýravörur | Málningarvörur | Barnavörur

690.-

Dömuskór

690.-

Strigaskór

...þín innkaup á einstöku verði

290.-

Sokkar 3 stk. í pk.

290.-

Ljósaperur 2 pk.

Smáratorgi 1. sími: 510 4000 www.domti.is

Með hugsjón snúum við bökum saman.

-pamfill-

# Kallað eftir ábyrgri umræðu

Skuldamál

Ögmundur Jónasson
dómsmála- og mannréttindaráðherra



Enginn deilir um að skuldavandi margra einstaklinga og fyrirtækja er mikill. Enginn deilir um að aðgerða er þörf, enda hefur verið gripið til þeirra. Menn deila hins vegar um áherslur og nálgun. Þegar hefur verið komið til móts við marga þá sem verst eru settir. Annars vegar er það mjög tekjulágt fólk og hins vegar þeir sem hafa skuldsett sig mikið og umfram greiðslugetu. Búin eru til úrræði sem henta þessum hópum sem „verst eru settir", í mörgum tilvikum hinir tekjulægstu og hinir tekjuhæstu. Eftir standa þá þeir sem tekið hafa íbúðalán, geta borgað en með stórskertum lífskjörum. Þau skertust þegar öll lán í landinu voru hækkuð með flatri uppfærslu.

**Flöt uppfærsla – flöt niðurfærsla**

Fjármálakerfið hrundi sem kunnugt er, gjaldmiðillinn að sama skapi, meðal annars vegna gjaldeyrisbrasks fjármálageirans, verðbólga skaust upp á við en kaupmátturinn féll. Til varð gríðarlegt misgengi launa og lána. Frá 2008 og fram á þennan dag hefur vísitala neysluverðs stigið um tæp 30% en kaupmátturinn rýrnað um rúm 10%. Lánin tóku flatri hækkun samkvæmt vísitölunni en af þeim er hins vegar greitt upp úr launaumslagi sem hefur skroppið saman. Nú vildu margir mæta hinni flötu uppfærslu allra lána með flatri niðurfærslu, skrúfa vísitöluna niður – finna í það minnsta einhvern milliveg. Þannig að bankakreppan yrði ekki bara skuldarakreppa heldur tæki fjármagnið líka á sig rýrnun. Fyrir þessu hafa Hagsmunasamtök heimilanna talað. Og undir þetta hef ég tekið jafnframt því sem ég hef fagnað þeirri breiðu umræðu sem ríkisstjórnin hefur kallað eftir. Þorsteinn Pálsson, stjórnmálaskýrandi á Fréttablaðinu um helgar, segir í nýjasta pistli sínum að forsætisráðherra hafi „kúvent" stefnu sinni varðandi skuldavanda heimilanna „og tekið stöðu með þeim sem krefjast almennrar niðurfellingar skulda…" Þetta þykir Þorsteini slæmt en verstur er þó dómsmálaráðherrann að hans mati, sá sem þetta ritar, því hann hafi „gengið enn lengra í loforðum".

**Ekkert svikið**

Getur það verið að svo mjög langi Þorstein Pálsson til að snúa út úr öllu sem úr Stjórnarráðinu kemur að hann geti ekki látið nokkurn mann af þeim bæ njóta sannmælis? Forsætisráðherra er í mikilli alvöru að kalla eftir opinni umræðu og kanna hvort forsendur eru fyrir víðtækri sátt um almenna lausn á borð við niðurfærslu skulda. Jóhanna Sigurðardóttir hefur engu lofað öðru en því að reyna að gera sitt besta. Það á við um ríkisstjórnina í heild sinni. Allt tal um svikin loforð er hrein ósannindi. Vandinn er sá að sumt er löggjafanum, og þar með framkvæmdarvaldinu, fært, annað ekki. Þetta er verið að greina. Jafnframt er leitað eftir samstarfi og breiðri samstöðu.

Staðan er semsé þessi: Óskum hefur verið beint til fjármálastofnana um að þær taki þátt í almennum aðgerðum. Viðbrögðin hafa verið dræm en endanleg svör liggja ekki fyrir. Millileiðir hafa þó verið orðaðar. Allt tal um svikin loforð eða leikaraskap af hálfu stjórnvalda er því ósátt. Það sem meira er, þetta er ósanngjarnt og óábyrgt tal.

**Leitað lausna**

Það er af mikilli alvöru verið að leita lausna og að mínu mati er beinlínis ábyrgðarhluti að reyna að grafa undan slíkri viðleitni. Staða mála er alvarlegri en svo að menn geti leyft sér slíkt.

Auðvitað skrifar Þorsteinn Pálsson eins og hann lystir og Fréttablaðið velur sér þá fréttaskýrendur sem það vill bjóða lesendum sínum upp á.

Ég ætla hins vegar að leyfa mér að óska eftir ábyrgari umræðu – og fréttaskýringum sem eru meira á dýptina.

# Mælikvarðar lífsgæða og velferðar

Umhverfismál

Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra



Mannkynið stendur á tímamótum í samskiptum sínum við náttúruna. Við göngum hratt á óendurnýjanlegar auðlindir, fjölgun mannkyns er hömlulaus og áhrif okkar á umhverfið virðast takmarkalaus. Okkur Íslendingum hættir til að álykta að þetta eigi ekki við um okkur og að við séum heimsbyggðinni til mikillar fyrirmyndar. En það er öðru nær ef marka má niðurstöður Sigurðar Eybergs Jóhannessonar og dr. Brynhildar Davíðsdóttur, dósents við Háskóla Íslands, á vistspori Íslendinga, en sá mælikvarði hefur aldrei áður verið lagður á íslenskt samfélag.

**21 Jörð**

Niðurstöðurnar eru sláandi. Það þyrfti 21 Jörð ef allt mannkynið lifði við sömu kjör og Íslendingar. Við sláum öll fyrri met hvað þetta varðar. Fræðimönnunum sem gerðu útreikningana leist nú ekki betur en svo á niðurstöðuna að þeir prófuðu að taka fiskveiðar út úr jöfnunni. Þá varð niðurstaðan sú að mannkynið þyrfti sex Jarðir ef allir nýttu náttúruauðlindir af sama kappi og við.

Auðvitað eru útreikningar sem þessir umdeilanlegir en þeir gefa okkur engu að síður ákveðna hugmynd um það hver staða okkar er í heiminum, hversu rík við erum af náttúruauðlindum og hversu langt við höfum gengið nú þegar í því að nýta þær.

Að mínu mati þurfum við að temja okkur meiri hófsemd og meiri aga. Við þurfum ekki að gleypa allt sem á vegi okkar verður, eins og Andri Snær Magnason minnti okkur svo eftirminnilega á í greininni Í landi hinna klikkuðu karlmanna: „Við erum nú þegar með allt sem nútímasamfélag þarfnast. Það þarf bara að sinna því sem við höfum þegar byggt upp, fá arð af því sem þegar hefur verið virkjað og fara betur með það sem þegar hefur fiskast." Það er hárrétt hjá Andra, við þurfum ekki alltaf að virkja meira og veiða meira. Það sem okkur vantar raunverulega meira af eru gæði, gæði í nýtingu, gæði í framleiðslu, gæði í stjórnsýslu og síðast en ekki síst lífsgæði.

**Nýir mælikvarðar**

Því er haldið fram að lífsgæði almennings verði ekki aukin nema með auknum hagvexti. En það er ekki beint orsakasamhengi milli hagvaxtar og aukinna lífsgæða. Samkvæmt Stöðuskýrslu Félagsvísindastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2009 jókst ójöfnuður á tímum mikils hagvaxtar árin fyrir hrun. Ójöfnuðurinn jókst hraðar hér en í öðrum löndum þegar ráðstöfunartekjur tekjuhæsta hópsins hækkuðu langt umfram aðra hópa í samfélaginu. Þá vekur athygli að í hagvextinum miðjum jókst notkun geðlyfja og var notkun þeirra hér á landi mun tíðari en í hinum OECD-löndunum. Niðurstöður umræddrar skýrslu benda til að áherslur áranna fyrir hrun hafi ekki aukið lífsánægju Íslendinga. Við hljótum því að spyrja okkur hvort réttir mælikvarðar séu notaðir þegar hagsæld þjóðarinnar er metin. Það er ein mikilvægasta spurningin sem við þurfum að svara við endurreisn samfélagsins.

ÓDÝRI
SPORTVÖRUMARKAÐURINN Í INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!
50-70% AFSLÁTTUR AF SKÓM
DÖMU-, HERRA- OG BARNAFATNAÐUR VERÐ FRÁ 990
NÝJAR VÖRUR LOKAHELGI
Intersport Bíldshöfða / Sími: 585 7220
OPIÐ: Mánudaga - föstudaga 10 - 19.
Laugardaga 10 - 18. Sunnudaga 12 - 18.
INTERSPORT
EXPO - www.expo.is

# Europris

## ÓDÝRT FYRIR ALLA!




Coca Cola 69,-



pr. pk **1390**

BIO TEX - 5 KG



**149**

APPELSÍNUSAFI



frá **2890**

FÖÐURLAND - SETT

Merinoull
Buxur og bolur saman í setti
Fyrir 6-12 ára, kr 2890
Fyrir fullorðna, kr 3990
Til í svört, bleiku og grænu



**4999**

DVD SPILARI

Breidd: 22 cm



3 ltr

**4990**

DJÚPSTEIKINGAPOTTUR



pr. stk **1990**

STUTTERMABOLIR

Nike



**199**

FATARÚLLUR

Þrjár saman



**199**

BARNAINNISKÓR



**199**

INNISKÓR



**199**

HERÐATRÉ

Tvö saman



350 gr

**299**

MAARUD FLÖGUR

Paprika/salt/salt og pipar



**149**

KAFFI, 250 GR



**499**

RÚÐUVÖKVI - 4 LTR

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Glerártorgi, Akureyri

pr. pk
**199**
**PAPPÍR**
8 stk salernispappír MiljøSpar /
3 stk eldhúsrúllur, 3ja laga

pr. stk
**399**
**SJAMPÓ/HÁRNÆRING**
Gliss Liquid Silk/Total Repair

pr. stk
**249**
**SJAMPÓ/HÁRNÆRING**
Palmolive
Þrjár tegundir

pr. stk
**199**
**HANDSÁPA**
500 ml

**249**
**HANDSÁPA**
500 ml
Palmolive
Áfylling

**199**
**SVITALYKTAREYÐIR**
Sanex
Dermo sensitive
50 ml

frá **599**
**NIVEA Q10 HRUKKUKREM**
Næturkrem, kr 899
Dagkrem, kr 599

**499**
**NIVEA RAKAKREM**
Dagkrem

**99**
**BÓMULLARSKÍFUR**
Um 70 stk

pr. pk
**249**
**NOPA ÞVOTTAEFNI**
Color, Ultra og Sensitive
700 gr

pr. stk
**249**
**NOPA ÞVOTTAEFNI**
Fljótandi þvottaefni
Fyrir hvítan og litaðan þvott
1 ltr

pr. pk
**199**
**RAKVÉLAR**
6 stk
Fyrir dömur og herra

**499**
**SALERNISBURSTI**
Tvöfaldur

**199**
**FATAKLEMMUR**
24 stk

**199**
**HÁRBURSTAR**
Tveir saman

**299**
**HÁRBURSTI**
Barna

**199**
**SNYRTISETT**
Fimm penslar og veski



Blöndunartæki
fyrir heita potta 52 l./mín.
Mjög afkastamikið tæki.
Hringás
Hringás ehf - Skemmuvegur 10 (blá gata) - 200 Kópavogur - Sími: 567 1330



White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Með betri buxum í bænum
Kakíbuxur -
96% bómull / 4% stretch
Str. 36 - 56
Upp í mitti - 2 skálmavíddir
Kíkið á heimsíðuna okkar www.rita.is
Ríta
Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730

Kvikmynd um tattúútrás til Færeyja er á lokastigi. „Road movie“ um rokk og tattú, segir framleiðandinn.



# Rokk og tattú í Færeyjum

Tattúgengið leggst í víking. Frá vinstri: Sigurður Páll Sigurðsson, Guðmundur Týr Þórarinsson og Fjölnir Bragason.

Vinnsla kvikmyndar um ferð tveggja íslenskra tattúmeistara til Færeyja sumarið 2009 er nú á lokastigi. Sigurður Páll Sigurðsson, framleiðandi myndarinnar, segir þetta fyrst og fremst vera heimildarmynd um rokk og tattú en mótorhjólaferð frá Reykjavík til Færeyja, tónlistarhátíðin G-festival og Ólafsvaka komi líka við sögu ásamt fleiru.

„Þetta byrjaði nú allt á því að færeyskur vinur minn, sem var að spila hér á Airwaves, vildi fá sér tattú,“ segir Sigurður Páll. „Ég fór með hann til Jóns Páls Halldórssonar tattúmeistara og þar spannst umræða um hvað það væri bagalegt að engin tattústofa væri í Færeyjum. Upp úr þessu kviknaði hjá mér sú hugmynd að hjálpa Jóni Páli og Fjölni Bragasyni tattúmeistara að komast í tattúútrás til Færeyja.“

Hugmyndin vatt upp á sig. Ákveðið var að festa ferðina á filmu og Sigurður Páll, Lárus Jónsson, leikstjóri myndarinnar, og Beggi Jónsson kvikmyndatökumaður, sem allir eru miklir mótorhjólamenn, fengu þá hugmynd að skella Fjölni yfirtattúmeistara á mótorhjól og filma á ferð um Færeyjar. Varð úr að hópur fólks tók sér far með Norrænu með mótorhjól og kvikmyndagræjur. Jón Páll flaug til Þórshafnar og íslenska tattúútrásin var hafin.

„Þetta er að sumu leyti heimildarmynd um tattú,“ segir Sigurður Páll, „rakin saga þess og þróun og gefin góð ráð. En inn í fléttast líka tónlistarhátíðin G-festival, Ólafsvaka, ýmsir færeyskir siðir og allt ferðalagið alveg frá Reykjavík austur um land og síðan um Færeyjar. Þetta er eiginlega svona „road movie“ um rokk og tattú.“

Sigurður Páll framleiðir myndina og er tökumaður ásamt Begga Jónssyni og Lárusi Jónssyni, sem einnig leikstýrir myndinni, Eyrún Guðmundsdóttir klippir og tónlistin er frumsamin af Agli Erni Rafnssyni. Gert er ráð fyrir að myndin verði um klukkutími að lengd en frumsýningardagur er enn óákveðinn.

*fridrikab@frettabladid.is*



STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 16 .000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánudögum.

Félag Fasteignasala



vísir.is
...ég sá það á Vísi

**garn.is** er vefverslun fyrirtækisins Bjarkarhóls. Þar má nálgast garn af ýmsum gerðum en einnig aðrar vörur eins og prjónablöð, gjafavöru, tölur og margt fleira.






NÝ SENDING AF SPARIFÖTUM

ODDFELLOW DRESSIN KOMINN

BASLER

Skipholti 29b • S. 551 0770


Prjóna.net er upplýsingatorg prjónara. Þar má fylgjast með því sem er að gerast í heimi prjónsins á Íslandi sem og á netinu. Ilmur Dögg Gísladóttir er umsjónarmaður síðunnar og gefur jafnan góðar hugmyndir að verkefnum. Nýjustu uppskriftirnar sem hún upplýsir lesendur um eru að töskum, skjóðum og tuðrum.



www.prjona.net



Guðrún Sigurðardóttir, handavinnukennari á Egilsstöðum, sér útsaum fyrir sér sem atvinnugrein. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

# Saumsporin fela í sér arf

**Handavinnukennarinn Guðrún Sigurðardóttir vill gera útsaum að atvinnugrein. Guðrún hefur sett saman námskeið þar sem hún kennir meðal annars fornar útsaumsgerðir sem hún las um í gömlu kvæði.**

„Á námskeiðunum kenni ég saumgerðir sem ég lærði í Kennaraskólanum, en ég var svo heppin að vinna lokaritgerðina mína um kvæði eftir sr. Stefán Ólafsson frá Vallarnesi. Kvæðið er frá sautjándu öld og í því eru taldar upp allar þær saumgerðir sem þá voru til,“ segir Guðrún Sigurðardóttir, handavinnukennari á Egilsstöðum. „Ég rannsakaði þetta allt saman og bý að því síðan.“

Námskeið Guðrúnar hafa verið vinsæl en þegar Fréttablaðið hitti á hana á Kaffi Valný á Egilsstöðum var námskeiði í haustkransagerð nýlokið. Á döfinni eru námskeið í hekli og prjóni, bútasaumi og jurtalitun. Guðrún segir í útsaumssporunum felast menningararf sem ekki megi glatast.

„Ég finn fyrir áhuga hjá konum um að halda þessu við. Ég kenni um þrjátíu saumgerðir, til dæmis refilsaum, skakkaglit, flatsaum, leggsaum og gamla krosssauminn. Á byrjendanámskeiðum legg ég upp með prufur svo nemendur átti sig á réttum efnum, garni og hlutföllum. Á framhaldsnámskeiðunum býð ég nemendum að teikna munstur og útfæra það með þessum gömlu saumgerðum. Þannig verður til eitthvað nýtt,“ segir Guðrún en hún sér fyrir sér að útsaumur geti orðið að atvinnugrein.

„Ég hugsaði mér að námskeiðin yrðu atvinnuskapandi, þegar ég fór af stað með þau í fyrra. Að hægt yrði að bródera söluvarning, en hann vantar á markaðinn. Útsaumur er skemmtileg vinna að sitja við og bak við fallegan kaffidúk til brúðargjafar liggur mikil vinna. Það er ekki verra að borga fyrir hana en málverk á striga sem jafnvel er málað á tveimur tímum.“

Námskeið Guðrúnar eru kennd á Kaffi Valnýju á Egilsstöðum en einnig fer Guðrún á aðra staði og heldur námskeið fyrir hópa. Eftir áramótin er von á Guðrúnu með námskeið til Reykjavíkur en ekki er komin dagsetning á þau enn.

*heida@frettabladid.is*


**Laugardaginn 23. október, 1. vetrardag verða Prjónadagar í A4 Smáratorgi.**

Ný sending var að koma í hús af hannyrðarbókum og má þar finna ferskar hugmyndir, svo sem hekl, útsaum, bútasaum, leir, skartgripa gerð o.fl.

Á milli 13:00 og 16:00 kynnir Ístex nýju Lopa prjónabókina og verður með prjónuð sýnishorn á staðnum. Einnig verður Kristín Harðardóttir og kynnir bókina sína "Sokkar og fleira" Ilmandi kaffisopi í boði Illy og Ölgerðarinnar



Glæný prjónablöð frá Dale garn eru komin þar sem t.d. er hægt að finna fallegar uppskriftir af barnapeysum.

Alla helgina verður svo 20% afsláttur af öllum hannyrðarvörum, missið ekki af því. komið og eigið notalega stund með okkur.






GRÆNMETISRÉTTIR - SÚPUR - SALAT - FISKRÉTTIR - KJÚKLINGARÉTTIR

AFMÆLISTILBOÐ

RÉTTIR DAGSINS Á AFMÆLISVERÐI

Í tilefni af tveggja ára afmæli okkar bjóðum við rétt dagsins á 1.000 kr. og súpu dagsins á 600 kr. eftir kl. 14 í október.

Veitingastaðurinn Krúska að Suðurlandsbraut 12 var opnaður í október 2008 og hefur verið vinsæll og vel sóttur staður frá upphafi. Okkar sérstaða og markmið er að hanna mat sem er fjölbreytilegur og næringarríkur. Verið velkomin!

KRÚSKA

VEITINGASTAÐUR - VERSLUN - TAKEAWAY

Suðurlandsbraut 12 - Sími 557 5880 - www.kruska.is



Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



# Erum jafnt og þétt að auka íslenska hönnun

**Áhugi á prjónaskap er aldrei meiri en á haustin. Þá lengjast kvöldin jafnt og þétt og jólin eru fram undan með þörf fyrir mjúka pakka. Því er fagnaðarefni þegar íslensk prjónablöð koma út. Ýr er það nýjasta.**



Rendurnar koma af sjálfu sér ef notað er rétta garnið. MYNDIR/TINNA

Prjónablaðið Ýr 44 er fimmta tölublaðið á árinu og jafnframt það veglegasta. „Við erum jafnt og þétt að auka íslenska hönnun í blöðunum," segir Valdís Vífilsdóttir, framkvæmdastjóri Tinnu, sem gefur út prjónablaðið Ýr. Hún segir Helgu Hreinsdóttur vera aðalhönnuð Tinnu og lofar að á næstu vikum komi Tinna til með að kynna nýja línu af skrautmunum, hálsfestum og aukahlutum sem Helga hefur hannað.





Fleira er á döfinni hjá Tinnu því í lok nóvember kemur út sérstakt dúkkublað en áður, eða í byrjun nóvember, er jólablaðið væntanlegt með fjölbreyttu föndri og fylgihlutauppskriftum.

Valdís tók því vel að láta lesendum Fréttablaðsins í té einfalda uppskrift til að kljást við næstu daga. Hún er af skrautlegu sjali í stærðinni 130x70 cm. Garnið sem Valdís miðar við er Kunstgarn frá Hjertegarn. Í sjalið fer ein dokka. Hringprjónn númer 6 er notaður til verksins og prjónfesta er: 17 lykkjur sléttprjón á prjóna nr. 6 = 10 cm



Kunstgarnið er til í mörgum litum. Hér eru aðrir tónar.

## ÞRÍHYRNT SJAL

**Munstur:**
1. umferð: 1 kantlykkja slétt, aukið út um 1 lykkju, *2 sléttar saman, sláið bandinu upp á prjóninn*, endurtakið frá * til * út umferðina, og endið á því að auka út um 1 lykkju, 1 kantlykkja slétt.
2.- 12. umferð: slétt, munið að auka út um 1 lykkju í 2. hverri umferð.

Fitjið upp 4 lykkjur á prjóna nr. 6, og prjónið 1 umferð slétt = rangan á sjalinu.

Næsta umferð: 1 kantlykkja slétt, aukið út um 1 lykkju, prjónið slétt þangað til 1 lykkja er eftir, aukið út um 1 lykkju, 1 kantlykkja slétt.
Næsta umferð: Haldið áfram að auka út í 2. hverri umferð 5 skipti til viðbótar, endið með einni umferð á röngunni = 14 lykkjur á prjóninum. Haldið núna áfram og prjónið samkvæmt munsturútskýringu (munið útaukningu í 2. hverri umferð), og prjónið þangað til það er u.þ.b. 4 ½ metri eftir af garninu. Fellið passlega laust af. Klippið á þráðinn og gangið fallega frá endum.

# Í haustveðráttu

**Allt í einu er kuldinn farinn að bíta og það kannski vonum seinna. Þessi eyrnaskjól gætu því komið sér vel.**

Hver þekkir ekki vandamálið með húfu undir reiðhjólahjálmi? Ólöf Jónsdóttir kjólameistari hefur leyst þann vanda með þessum eyrnaskjólum. Í þeim er yfirleitt þæfð ull eða ullarblanda í ytra byrði og flís að innan. Síðan er franskur rennilás innan í til að halda þeim saman.

Skrautið er ýmist perlur og steinar eða eitthvað annað skemmtilegt. Þau fást á vefnum www.litlubudirnar.is/is/mos/309 í nytjahlutabúðinni og fleiri litir eru fáanlegir.





Eyrnaskjólin bæði hlífa og punta upp á. MYND/WWW.LITLUBUDIRNAR.IS



Ef heimatilbúnar gjafir eiga að vera í jólapakkanum í ár er nú tíminn til að huga að því. Í ýmsum hannyrðabúðum og á Netinu má kaupa efni til slíkra gjafa.

**hannyrdir.is**




Prjónanámskeið
22.—24. október

**Danski prjónahönnuðurinn: Helga Isager** *handprjón, spennandi prjónaaðferðir, "Hannaðu þína eigin peysu"*

**Helga Jóna Þórunnardóttir** *frá Nálinni kennir prjóntækni og frágang.*

*Ótrúlega spennandi námskeið fyrir bæði byrjendur og vana prjónara.*

*Gisting og matur í nýuppgerðum Kvennaskólanum í yndislegu umhverfi.*

TEXTÍLSETUR ÍSLANDS
Kvennaskólanum Blönduósi
www.textilsetur.is • 894-9030



**Nýtt Dale prjónablað með íslenskri þýðingu**
Uppskriftir fyrir 2-8 ára









20% AFSLÁTTUR

Gegn framvísun þessa miða færð þú **20% afslátt** af hannyrðabókum hjá A4 Skrifstofu og skóla
Gildir til 31. október 2010

A4 Skrifstofa og skóli
Smáratorgi + Kópavogi
Gleráreyrum + Akureyri
S. 580-0000 + www.a4.is

TOPPMORGNAR SVALI OG FÉLAGAR ALLA MORGNA FRÁ 6:45-10





Topp tónlistarstöðin þín | www.fm957.is
FM957



ALLT TIL GJAFAINNPÖKKUNAR
Eingöngu sala til fyrirtækja
Opið 08.00-16.00
GRÆNN MARKAÐUR
www.flora.is info@flora.is Réttarhálsi 2 110 Rvk Sími: 535-8500

**Málþing um málefni Hveravalla** verður haldið í Húnaveri á laugardaginn, 23. október, frá 10.30 til 16. Leiðarstef málþingsins er þróun heilsársstarfsemi á Hveravöllum í átt til sjálfbærrar framtíðar með umhverfis- og náttúruvernd að leiðarljósi. www.ferdamalastofa.is






512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Vandaðir skór fyrir veturinn!

Sérlega þægilegir herraskór úr mjúku leðri og með góða breidd.

„aircomfort"



Teg: 48096
Litir: svart og brúnt
Stærðir: 40 - 47

Misty skor
Laugavegi 178

Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18.
Laug. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur


# Draumastaða fyrir svona flakkara eins og mig

**Að sigla á snekkju í vellystingum um heimsins höf er draumur margra. Jóhann G. Baldvinsson kokkur átti sér ekki þann draum en var fyrir tilviljun ráðinn aðalkokkur á snekkju bresks milljónamærings.**

Jóhann G. Baldvinsson kokkur hefur verið á siglingu um Miðjarðarhafið í sex vikur og undirbýr nú vetrarsiglingu um Karíbahafið.

„Frændi minn hringdi í mig í júlí og sagði mér að það vantaði kokk á þessa snekkju," segir Jóhann. „Ég hafði ekki tíma þá og gaf það frá mér. Nokkrum vikum seinna hringdi hann aftur og sagði að þetta væri neyðarástand og ég lét til leiðast. Tveimur dögum seinna var ég í flugi á leið til Króatíu, þar sem snekkjan var þá."

Á snekkjunni er tuttugu og tveggja manna áhöfn, en farþegafjöldinn er misjafn. Eigandinn, kona hans og tíu mánaða dóttir eru meira og minna um borð og svo eru gestir í mislangan tíma. Í ágúst og september var siglt um Miðjarðarhafið, frá Króatíu til Feneyja og Svartfjallalands og þaðan til grísku eyjanna og Tyrklands. Er þetta ekki algjört himnaríki? „Þetta er gaman, en svakalega mikil vinna," segir Jóhann. „Ég vakna klukkan sjö alla morgna til að framreiða morgunmat og síðan er matseðill með vali um tvo forrétti, tvo aðalrétti og tvo eftirrétti bæði í hádeginu og á kvöldin. Auk þess fer ég í land að kaupa hráefnið í allan mat þar sem við stoppum og reyni að láta matseðilinn endurspegla hvar við erum stödd hverju sinni. Svo fáum við í áhöfninni alltaf að fara í land og skoða okkur um þar sem við erum stödd. Maður er heppinn ef maður nær sex tíma svefni á nóttu. En þetta er draumastaða fyrir svona flakkara eins og mig."

Jóhann er nú í Barcelona búa snekkjuna undir siglingu yfir Atlantshafið til Karíbahafsins, þar sem meiningin er að sigla um í þrjá mánuði. Og hvað tekur þá við? „Ég bara veit það ekki. Eigandann dreymir um að fara til Galapagos-eyja og upp Amazon-fljótið. Kannski verður af því eða eitthvað annað kemur til. Það kemur bara í ljós þegar það kemur," segir Jóhann.

*fridrikab@frettabladid.is*



Jóhann G. Baldvinsson datt í lukkupottinn og starfar nú á snekkju bresks auðmanns sem siglir um heimsins höf.




TEKNOS Síðumúla 34 • 108 Reykjavík • Sími 517 1500





# Eplarækt á Íslandi 100 ára

**Epli hafa verið ræktuð á Íslandi í hundrað ár. Því verður fagnað á Mógilsá á fimmtudaginn.**

Á-Vöxtur, hvatafélag um ræktun ávaxta á Íslandi, stendur fyrir eplahátíð á morgun. Tilefnið er hundrað ára afmæli eplaræktar á Íslandi en til eru heimildir um eplaávexti frá árinu 1910.

Uppskeruhátíðin er haldin á Rannsóknarstöð skógræktar á Mógilsá frá klukkan 16 til 20. Gestum verður boðið að skoða sýnishorn af mismunandi yrkjum frumkvöðla eplaræktar á Íslandi. Formleg dagskrá hefst klukkan 17 á því að Lilja Oddsdóttir, formaður Á-Vaxtar, setur hátíðina. Þá mun Jón Guðmundsson segja frá sögu eplaræktar og frumkvöðlastarfi. Jón og Sæmundur Guðmundsson, heiðursfélagi Á-Vaxtar, munu sýna epli og fleiri ávexti sem ræktaðir voru á Íslandi síðastliðið sumar, en uppskera hefur verið í fullum gangi síðustu vikur.

Kaffi verður selt á staðnum svo og kökur úr íslenskum eplum. Allur ágóði rennur í sjóð félagsins „Eplapar verður aldingarður" en félagið stefnir á að planta samtals 100 eplapörum fram á næsta haust, í tilefni afmælisins.



Slegið verður upp eplaveislu á Mógilsá á morgun.


VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Nýtt námskeið
hefst 22. október



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414



Gámasala/Gámaleiga
Stólpi Gámar ehf
sími 568 0505



**Hrekkjavakan Nálgast!**
Vampírutennur, litalinsur, farðar, búningar ofl. Skoðið úrvalið á vefversluninni hokuspokus.is Hókus Pókus Laugavegi 69 S. 551 7955.

Til sölu tveggja pósta bíllyfta í góðu lagi, sk'12. Uppl í s. 893 0532

**ÞVOTTAVÉLAR**
Til sölu notaðar yfirfarnar þvottavélar og önnur heimilistæki. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 12:00 - 17:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847-5545

Til sölu Iphone 3g 32 gb , 75 þús. Ipod touch 16 gb 30þús. Tölvuskjár 22" , full hd 25þús. Uppl. í s. 771 3624.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

Óska eftir 3x20ft skrifstofugámum, 1x10ft skrifstofugám, 20xla kerru og diesel loftpressu. Uppl. í S. 863 5699

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/ hraðlyftu Verð:49.900 kr með VSK Sími: 5520110 www.pon.is

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun

bathmate.is
Bathmate hefur nú fengið læknisfræðilega vottun og er með CE vottun sem lækningatæki.
*Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!*

**TUNGUHJÓLIÐ**
Besta uppfinning síðan hjólið var fundið upp! Tunguhjólið er fyrir konur sem kunna að meta gott kynlíf, einar, eða með ástmanni sínum!

Skoðaðu úrvalið á
FLESHLIGHT.IS
og allar pantanir afgreiddar samdægurs!

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

# HEILSA

## Heilsuvörur

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567 6666 og 862 0941. http://dreamoasis.magix.net

Heilsu nudd með púða. Gott fyrir konur sem eru nýbúnar að eiga börn. Hjálpar mikið til að laga legið. S. 774 8809.

• Slökunarnudd
• Hot herbal nudd
sími 551 2042 - 694 1275
www.hairandbodyart.net



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

## Snyrting

• Spraytanning
• Afro hair Products
sími 551 2042 - 694 1275
www.hairandbodyart.net

## Þjónusta



**Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Vel með farið sérsmíðað rúm frá RB til sölu 1.95x1.35 dýna 25 selst ódýrt uppl: 617 6010.

## Dýrahald

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta



Hausttilboð - orlofshús til leigu Ýmsar stærðir velbúinna orlofshúsa til leigu í lengri eða skemmri tíma. Góð aðstaða til æfinga fyrir kóra og sönghópa bæði í Úthlíðarkirkju og veitingasal. Gerum hópum föst tilboð. Nánar á www.uthlid.is, uthlid@uthlid.is eða 699 5500.

Auglýsingasími
512 50 50
Allt sem þú þarft...

Fasteignir




## Útilegubúnaður




Vatnsheldar töskur og pokar, þýsk gæði, 5 ára ábyrgð varahlutaþjónusta. Hirzlan Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564-5040 www.hirzlan.com

## Hestamennska

HESTAR & MENN

**TILBOÐSDAGAR**
Skór frá kr. 7900
Úlpur frá kr. 19900
Hestar og menn, Ögurhvarf1,
203 Kópavogur s. 567 3300.

## Tilkynningar

### Tilkynning um afturköllun starfsleyfis fjármálafyrirtækis

Fjármálaeftirlitið afturkallaði þann 1. október 2010, starfsleyfi ALMC hf. (áður Straums-Burðaráss fjárfestingabanka), kt. 701086-1399, sem viðskiptabanka, þar sem fyrirtækið var tekið til slita skv. XII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Skipulags stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum - athugun Skipulagsstofnunar

Efla verkfræðistofa, f.h. Bolaalda ehf., hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um **efnistöku í Bolaöldum í Ölfusi, Sveitarfélaginu Ölfusi.**

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **20. október til 2. desember 2010** á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Eflu verkfræðistofu.: **www.efla.is**.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **2. desember 2010** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun



## AKUREYRARBÆR
### Deiliskipulag.

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018**

**Landnotkun í landi Hlíðarenda**

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018.

Breyting er gerð á landnotkun í landi Hlíðarenda. Afmarkaðir eru fjórir landnotkunarreitir alls 26,7 ha. Tveir landnotkunarreitir eru fyrir frístundabyggð og einn fyrir blandaða landnotkun frístundabyggðar og verslunar- og þjónustusvæðis. Einnig er skilgreindur landnotkunarreitur fyrir athafna- og íbúðasvæði fyrir núverandi byggð og starfsemi á Hlíðarenda.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð og hjá Skipulagsstofnun, frá 20. október til 1. desember 2010 svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: www.akureyri.is undir: Stjórnkerfið / Skipulags- og byggingarmál / Auglýstar skipulagstillögur.

Samhliða þessari auglýsingu er auglýst tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar með verslun og þjónustu að Hlíðarenda.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 miðvikudaginn 1. desember 2010 og skal athugasemdum skilað skriflega til skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

20. október 2010
Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

## HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leigumiðlun-Leigumiðlun**
Vegna mikillar eftirspurnar vantar allar tegundir húsnæða á skrá á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Við erum ódýr og skilvirk. Leigumiðlun.com Hamraborg 1, 200 Kópavogi Sími 445 3500 leigumidlun@leigumidlun.com

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Íbúð til leigu!**
51fm íbúð til leigu á Njálsgötu. Laus strax. Leiguverð 130 þús. S: 661 5666

Góð 2ja herb. stór og björt íbúð í Álfheimum. Efsta hæð við Laugardalinn. Frábært útsýni, stórar svalir. Laus strax. V. 95 þús. á mán. + trygging. S. 861 7227.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Tæplega 70 fm íbúð í Ásunum í Garðabæ til leigu frá 1. nóv. Jarðhæð. Verð 100 þús. Uppl. í s. 661 2065.

Til leigu herb. á sv. 105 fyrir rólegan og reglusaman mann með sameig. eldh. & baðh. Uppl. e. kl. 13 í s. 777 5571.

Til leigu nýtt 200 fm einbýlishús í Sandgerði. Öll ljós og gardýnur fylgja. Laust strax. Uppl. í s. 894 3110.

## Atvinnuhúsnæði

ATH Til leigu nýl glæsil skrifstofuhúsn 100 - 200m2 eldhúsi gott aðgengi laust strax s8972908

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhúsnæði í Garðabæ.**
Eigum örfá pláss laus í Garðab. fyrir tjaldvagna / fellihýsi í vetur hagstætt verð og örrygisgæsla á svæðinu uppl: 661 3131 / 897 2000.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Atvinna

### Afleysing ritara

Læknablaðið óskar eftir starfskrafti til að leysa af ritara blaðsins sem fyrst og allt til 1 júlí. Starfið er 50% og felur í sér öflun auglýsinga, vefumsýslu og almenn verkefni ritara.

Vinsamlegast sendið umsóknir um starfið fyrir **28. október nk.** til blaðsins ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf, rafrænt: **vedis@lis.is** - eða í pósti: Læknablaðið, v/starfsumsóknar, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi.

Læknablaðið
THE ICELANDIC MEDICAL JOURNAL

## Tilkynningar



## AKUREYRARBÆR
### Deiliskipulag.

**Frístundabyggð með verslun og þjónustu að Hlíðarenda**

**Tillaga að deiliskipulagi**

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð með verslun og þjónustu að Hlíðarenda.

Skipulagssvæðið liggur norðan Hlíðarfjallsvegar og ofan byggðarinnar að Hlíðarenda. Tillagan nær til 3,6 ha. svæðis þar sem skilgreindir eru byggingarreitir fyrir mótel, vélageymslu, þjónustuhús og frístundahús ásamt gatnakerfi.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð og hjá Skipulagsstofnun, frá 20. október til 1. desember 2010, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: www.akureyri.is undir: Stjórnkerfið / Skipulags- og byggingarmál / Auglýstar skipulagstillögur.

Samhliða þessari auglýsingu er auglýst breyting á aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018, landnotkun í landi Hlíðarenda.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 miðvikudaginn 1. desember 2010 og skal athugasemdum skilað skriflega til skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

20. október 2010
Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

## Gisting




## ATVINNA

## Atvinna í boði

Kol ehf - hringjum út

**Kvöld- og helgarvinna**
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 774 7400 kol@kol.is

VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA

**Ítalía - veitingahús**
**Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki á aldrinum 20 - 30 ára í sal.**
**Um er að ræða fastar vaktir frá 11-23, einnig er unnið um helgar.**
**Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga**
**Veitingahúsið Ítalía**
**Laugavegi 11**

MOSFELLS BAKAR[Í]

**Mosfellsbakarí - Reykjavík.**

**Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til starfa í afgreiðslu í verslun okkar á Háaleitisbraut 58-60.**

**Vinnutími er virka daga frá 13:00-18:30 og annan hvern laugardag.**
**Áhugasamir geta sótt um á heimasíðunni okkar, slóðin er www.mosfellsbakari.is/umsókn.asp**

**Veislulist Skútan**
**Óskar eftir starfsmanni í uppvask og aðstoð í eldhús frá kl. 8-16.**
**Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 555 1810**

Tapas Barinn óskar eftir hressum þjónum í aukavinnu, reynsla æskileg en ekki skilyrði, umsóknir eingöngu á staðnum á milli 14.00 og 17.00 vesturgötu 3b.

Vanan stýrimann vantar á tæplega 200 tonna neta sem gerður er út frá Suðurnesjum. S. 853 2999 / 845 3480.

Stýrimann og vélstjóra vantar á 100 tonna línubát(lúða) gert út frá Hafnarfirði Uppl. í s. 821 6664 & 893 5590.

Múrbúðin óskar eftir framtíðar starfsmanni til að hafa umsjón með kassasvæði ,fjölbreitt starf í boði, vinnutími frá 12 til 18 ekki yngri en 25ára. Þarf að geta hafið störf sem first umsókn sendist á Ragnar@murbudin.is

## Atvinna óskast

Tek að mér byggingar og verkfræðiteikningar. Sími 8680872

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1818**
**Opið þegar þér hentar.**

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...


Verð áður: kr 12.990
SHARKUAD
6490
FJÓRHJÓL
Fjarstýrt
Leikföng á kr 299
í miklu úrval
1490
pr. stk
SILKIBLÓM
Mikið úrval
frá
990
HANDKLÆÐI
70x140 cm, kr 990
100x150 cm, kr 1590
frá
5990
FERÐATÖSKUR Á HJÓLUM
Hörð skel
51x35x24 cm, kr 5990
63,5x47x27 cm, kr 7990
73,5x53x30 cm, kr 9990
100 stk
499
SPRITTKERTI
100 stk
359
HÚFA
Mikið úrval
Skór fyrir
alla fjölskylduna
3990
HERRAMOKKASÍUR
St 41-46
2490
AFASKÓR
St 40-46
1990
ÖMMUSKÓR
St 36-41
2590
pr. par
KULDASKÓR - BARNA
St 28-38
Fyrir fullorðna, st 35-46, kr 2990
6990
GÖNGUSKÓR
St 36-46
Með vatnsvörn
Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!



frá **5990**
HUNDABÚR
63x44x52 cm, kr 5990
77,5x48,5x57 cm, kr 8990
92,5x57,5x65,5 cm, kr 12.990




10 kg

**1990**
HUNDAMATUR - 10 KG
Þurrfóður



frá **2490**
HUNDAPÚÐI
Roksy, 50x36x8 cm, kr 2490
Roksy, 75x47x8 cm, kr 3990
Niki, 55x22 cm, kr 5999




**18.990**
FISKABÚR
Búr með fylgihlutum




2 kg

**599**
KATTAMATUR - 2 KG



frá **3990**
HAMSTRABÚR
58x32x32 cm, kr 3990
42x28x32,5 cm, kr 7990



**1999**
FISKABÚR
Með ljósi



**15.990**
BÚTA- OG GEREKTSÖG
1500 W, 210 mm
Vinnuborð, Universal, kr 13.900

## SENDUM UM ALLT LAND!

Pöntunarsími í Reykjavík **511 3322**
Pöntunarsími á Akureyri **466 2533**
Visa / MasterCard



**249**
ÞVINGUR
Tvær saman



**249**
KRÓKASETT
12 saman



**249**
PENSLA- OG SPAÐASETT
Tveir penslar og einn spaði í setti



**990**
VEIÐISTÖNG - BARNA



**2990**
7˝ VEIÐISTÖNG

## Nú 6 verslanir

- Korputorgi - S: 533 3353
- Fiskislóð 3 (Granda) - S: 511 3322
- Glerártorgi, Akureyri - S: 466 2533
- Dalvegi 10-14, Kópavogi- S: 544 2333
- Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði - S: 533 3360
- Austurvegi 69, Selfossi - S: 483 3366



**249**
FILTTAPPAR
125 stk




**1990**
YFIRBREIÐSLA
4x6m
175 gr

*Birt með fyrirvara um texta - og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar.*

# Gildahlöður og menningarbylting

Trúmál

Örn Bárður Jónsson
sóknarprestur á Seltjarnarnesi



Hún var skemmtileg og athyglisverð fréttin um leikskólabörnin í Sjónvarpinu 13. október sl. Sagt var frá göngu barna í leikskólum borgarinnar frá Hallgrímskirkju niður á Ingólfstorg þar sem þau sungu og mynduðu friðarmerki. Tilgangurinn var góður og sagt var í fréttinni að þetta hefði verið gert til þess að leggja áherslu á „friðar og kærleiksboðskap Johns Lennon og Yoko Ono“. Mér er vel við Lennon og margt af því sem hann skapaði er hátt skrifað hjá mér.

Friðarganga barnanna var gerð undir tilteknu merki, friðarmerkinu, sem frægt varð á tímum blómabyltingarinnar. Friðarmerkið er eins og önnur merki og tákn, það bendir til einhvers sem að baki stendur, vísar til gilda eða trúar, einhverrar stefnu, heimspeki eða gildismats. Ekkert er hlutlaust í henni veröld. Allt hefur í sér fólgin einhver gildi eða tilvísanir. En þrátt fyrir það er lífsskoðunum gert mishátt undir höfði og það með réttu. Við samþykkjum t.d. ekki lífsfjandsamlegar skoðanir en metum þær hærra sem boða frið, kærleika og sátt. Mikilvægt er að hlutlægni gildi varðandi álitamál á sviði lífsskoðana.

Ég geri þetta að umtalsefni vegna þess að nú um þessar mundir er hart gengið fram gegn kristinni trú í landinu. Leikskólar, sem nú eru margir algjörlega lokaðir fyrir öllum áhrifum frá kirkju og kristni og þar með boðskap Jesú Krists um „frið og kærleika“, virðast nú hafa opnað fyrir nýjum „trúarbrögðum“ með nýjum „frelsurum“.

Af því tilefni spyr ég: Ef kristnir söfnuðir í miðbæ Reykjavíkur hefðu farið þess á leit við leikskólana að fá börnin með í friðargöngu til þess að mynda krosstákn og leggja áherslu á „friðar og kærleiksboðskap Jesú Krists“, hefði fengist leyfi fyrir slíkri göngu?

Hvað má gera með börnum? Hvað má kenna í skólum? Við þurfum að taka það allt til endurskoðunar, einkum í ljósi þess, að nú er hamast á kirkju og kristni sem aldrei fyrr og boðskapurinn um frið og kærleika sem þaðan kemur er af fámennum hópi talinn hættulegur börnum þessa lands.

Hvar á að láta staðar numið í þessum efnum?

Ég get til að mynda haft margt að athuga við gildismat íþróttafélaga í landinu og barist gegn því að þau fái aðgang að skólum vegna þess að íþróttir gangi margar hverjar, ef ekki flestar, út á samkeppni og yfirburði, hetju- og hlutadýrkun, eftirsókn eftir peningum, frægð og öðrum veraldlegum gæðum, sem tærast og eyðast. Sástu atganginn á dögunum í kringum hann Ronaldo, blessaðan? Og ég get líka lagst gegn því að ættjarðarljóð séu kennd í skólum og/eða sungin, þar sem slíkt geti alið á óeðlilegri þjóðrembu og hættulegri þjóðerniskennd (nasjónalisma). Og ég get líka lagst gegn því að nemendur í skólum láti sjást á sér eða flíkum sínum nokkur tískumerki eða slagorð. Einnig mætti berjast gegn því að vörumerki yfirleitt sjáist í skólum, ekki á nokkrum blýanti, penna eða strokleðri.

Allt eru þetta í raun skoðanir sem eru sjálfum mér fjarri en nefndar hér til að sýna fram á fáránleika umræðunnar þegar kemur að rökum andstæðinga kristinnar trúar. Viljum við kannski þjóðfélag í anda menningarbyltingarinnar í Kína á dögum Maós formanns sem reyndi að þurrka allar skoðanir og háttsemi út nema eina skoðun og einn klæðnað?

Allt er gildishlaðið. Engin kennsla er hlutlaus og verður aldrei. Hvernig á til dæmis að kenna sögu í skólum, menningu, trúarbrögð, tungumál, félagsfræði? Hvar ætla þau sem vilja kirkju og kristni út úr öllum skólum að draga mörkin? Krafa þeirra um að „gerilsneyða“ skóla, af boðskap kristinnar trúar, vekur upp spurningar um allt sem fram fer í skólum, einnig í ríkisreknum fjölmiðlum og víðar.

Gildahlöður þjóðfélagsins eru margar. Kristin kirkja geymir í sínum hlöðum gömul og margreynd gildi sem enn duga í lífsbaráttu einstaklinga og þjóðar. Félagar í Siðmennt eiga sínar gildahlöður. Vantrúarfélagar einnig. Sama má segja um fylgjendur stjórnmálaflokka, hagsmunasamtök öll og hreyfingar.

Vilt þú íþróttir út úr skólum, sögukennslu, ættjarðarljóð, kristna menningu og grunngildi?

Telur þú að þjóðfélagið þrífist í skjóli þöggunar og útilokunar? Meirihlutinn á ekki að kúga minnihlutann. Það er rétt. En meirihlutinn getur vissulega ráðið ferðinni og þannig er það yfirleitt í lýðræðisþjóðfélagi. En vilt þú að minnihluti landsmanna kúgi meirihlutann með útilokun skoðana og trúar fjöldans?

Rétturinn til trúfrelsis er réttur til trúar en ekki frá trú. Ég get ekki krafist þess að trúarskoðanir heyrist hvergi í opinberri umræðu því sú krafa leiðir óhjákvæmilega til þess að allar skoðanir verði bannaðar. Þöggun skoðana leiðir ekki af sér umburðarlyndi heldur hið gagnstæða.

Ekkert þjóðfélag þrífst án grunngilda. Ef þessum gildum verður varpað fyrir róða, hvað verður þá tekið upp í staðinn?

Í fjölhyggjusamfélagi þarf fólk að læra að virða og meta skoðanir annarra. Þess vegna eiga skoðanir að fá að heyrast og birtast en ekki að lúta þöggun af hálfu þröngsýnna manna. Ég tel að þöggunin sem nú er reynt að innleiða í skóla muni leiða af sér fordóma, fáfræði og fátækara samfélag. Ég vil ekki búa í slíku þjóðfélagi. En þú?

Láttu hjartað ráða




LEYNIVOPNID

„Agave-sýróp er unnið úr mexíkóskri kaktusplöntu. Þökk sé óvenjulágum sykurstuðli veldur það mun minni sveiflum í blóðsykri en hefðbundinn sykur.“

Solla

BÓNUS HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus · www.lífrænt.is

HIMNESKT

# tímamót

timamot@frettabladid.is



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Lárus Hvammdal Finnbogason**

Ársölum 1, 201 Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans Landakoti fimmtudaginn 14. október. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 22. október kl. 13.00.

**Úlla Marteinsdóttir**
**Finnbogi Hvammdal Lárusson** **Íris Guðlaugsdóttir**
**Kristrún Dahl** **John Dahl**
**Elva María Neraasen**
**Ágústa Lárusdóttir** **Kjell Paulsen**
**Margrét Lárusdóttir** **Jóhann Halldórsson**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona, móðir og tengdamóðir*

**Lilja Þorvaldsdóttir**

Glóru 2 Flóahreppi,

andaðist á sjúkrahúsi Suðurlands á Selfossi sunnudaginn 17. október síðastliðinn. Útför hennar verður gerð frá Hraungerðiskirkju föstudaginn 22. október kl. 13.30.

**Heimir Ólafsson, Ágúst Gísli Heimisson, Sigmundur Þórir Jónsson, Tanja Rún Jónsdóttir, Tómas Alfonsson.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Herborg Guðmundsdóttir**

Hátúni 4,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 18. þ.m. Útförin verður frá Fossvogskirkju mánudaginn 25. október kl. 13.00.

**Jónína Herborg Jónsdóttir**
**Jón Herbert Jónsson** **Inger Jónsson**
**Ingibjörg Sigurðardóttir** **Guðjón Sigurðsson**
**Elínborg Sigurðardóttir** **Axel F. Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýju og kærleik við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Mogens Rúnars Mogensen.**

**Diljá Gunnarsdóttir**
**Regin F. Mogensen** **Sara Lind Þórðardóttir**
**Birta Mogensen** **Jónas Árnason**
**afabörn**



†

*Hjartans þakkir eru færðar öllum þeim sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður minnar*

**Sigurbjargar Björgvinsdóttur.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar fyrir ljúft og hlýlegt viðmót og frábæra umönnun.

**Stefán Hermanns**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma*

**Marta Sonja Magnúsdóttir**

síðast til heimilis að Austurbrún 6,

andaðist á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 13. október. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 22. október kl. 13.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ragnheiðar Valdemarsdóttur,**

hjúkrunarheimilinu Skjóli,
áður Byggðavegi 89, Akureyri.

Starfsfólki á Skjóli þökkum við hlýhug og góða umönnun.

**Valdemar Ragnarsson** **Liisa Kajo**
**Ásgerður Ragnarsdóttir** **Gunnar Eydal**
**Óli Þór Ragnarsson** **Ingibjörg Marinósdóttir**
**Árni Ragnarsson** **Ásrún Guðmundsdóttir**
**Guðrún Ragnarsdóttir** **Valdimar Einisson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Innilegar þakkir fyrir vináttu og hlýhug við andlát og útför*

**Þorleifs Þorsteinssonar**

Álfhólsvegi 84, Kópavogi.

Þökkum einnig starfsfólki deildar A4 á Landspítala í Fossvogi fyrir alúðlega umönnun.

**Ragnheiður S. Jónasdóttir**
**Ólöf B. Þorleifsdóttir**
**Brynjar S. Þorleifsson**
**Vilhjálmur Þorleifsson**
**Eva H. Þorleifsdóttir** **Guðmundur B. Kjartansson**
**Leifur H. Þorleifsson** **Hlíf B. Óskarsdóttir**
**Gróa K. Þorleifsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Þórhallur Filippusson**

andaðist á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki 17. október sl. Útför hans fer fram frá Sauðárkrókskirkju föstudaginn 22. október kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Skagafjarðar. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

**Anna Pálína Þórðardóttir**
**Ólöf Þórhallsdóttir** **Jóhannes Hjálmarsson**
**Þórunn Oddný Þórhallsdóttir**
**Filippus Þórhallsson**
**Dagbjört Kristín Þórhallsdóttir** **Benjamín Gunnarsson**
**Kristín Þóra Þórhallsdóttir** **Nicholas Stagg**
**barnabörn og langafabörn.**



**BJÖRT FRAMTÍÐ** Bergþór segist sakna þess hve fáar stúlkur sæki í raðir tæknifræðinga en segir þær eiga þar vel heima. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TÆKNIFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS: 50 ÁRA

## Stelpur óskast

Tæknifræðingafélag Íslands (TFÍ) fagnar 50 ára afmæli sínu með fyrirlestraröð í Háskólanum í Reykjavík dagana 20. til 22. október. Formaður félagsins er Bergþór Þormóðsson. „Félagið var stofnað 6. júlí 1960 við samruna Félags iðnfræðinga og félagsins Tækni. Fyrsti formaður var Axel Kristjánsson, framkvæmdastjóri Rafha, og stofnfélagar 37, en starfsheitið hefur verið lögverndað frá 1963," segir hann, inntur eftir fyrstu sporum félagsins hér á landi.

„Í upphafi fengust tæknifræðingar aðeins við mannvirkjagerð en eru nú að störfum víðs vegar í samfélaginu. Fyrstu tæknifræðingarnir sóttu sér menntun til útlanda, en 1964 tók Tækniskóli Íslands til starfa, sem síðar varð Tækniháskóli Íslands og gekk síðast inn í Háskólann í Reykjavík," segir Bergþór og upplýsir að enn fari helmingur tæknifræðinema utan til náms. „Vinsælustu tækniháskólarnir eru í Danmörku, en þar er námið öflugt. Lengi var sveinspróf í iðngreinum inntökuskilyrði í tæknifræði, en síðustu ár hefur ekki verið hægt að halda uppi þeirri kröfu því ásókn stúdenta hefur verið meiri í fagið. Háskóli Íslands hefur aldrei kennt tæknifræði en kennir í staðinn verkfræði, systurfag tæknifræðinnar," segir Bergþór, sem frá 1994 hefur samrekið skrifstofu TFÍ með Verkfræðingafélagi Íslands.

„Eftirspurn eftir tæknifræðingum er mikil, sérstaklega þeim sem hafa bakgrunn í iðnnámi. Þeir hafa enda flestir unnið við iðn sína í einhver ár áður en þeir fóru í framhaldsnám og orðnir gjaldgengir á vinnumarkaði þegar námi lýkur, með yfirgripsmikla þekkingu," segir Bergþór og bætir við að nú kalli atvinnulífið sem aldrei fyrr eftir tæknifræðingum til starfa. „En á sama tíma og ráðherrar tala um nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi boðar menntamálaráðherra niðurskurð í tæknitengdu háskólanámi. Því er rödd ráðherrans hjáróma þegar hann talar einn daginn um nýsköpun og þróun í atvinnulífi, þar sem tækni- og verkfræðingar eiga að vera í fararbroddi sem fremstu nýsköpunarmenn landsins, á sama tíma og skera á niður í menntun þeirra."

Hann segir tæknifræði opna starfsvettvang í öllu þjóðfélaginu og menn ljúki námi öruggir með vinnu og góð laun. „Vandamál er að allt of fáar stúlkur sækja í námið, því tæknifræðin er kjörinn vettvangur fyrir þær líka og margar greinar innan hennar henta þeim betur, til dæmis landmælingar, sem krefjast mikillar nákvæmni og þolinmæði. Tæknifræði og verkfræði eru einu háskólagreinarnar þar sem kynjahlutfall er strákum enn í hag, en það breytist vonandi," segir Bergþór og játar að nám í tæknifræði sé strembið.

„Það byggir á raungreinum og stærðfræði og er sem betur fer erfitt því háskólanám á að taka í. Félagið hefur frá stofnun staðið vörð um gæði menntunar og að símenntun sé alltaf í boði en með því að viðhalda þekkingu höldum við gæðum félagsmanna uppi og þeirri vöru sem þeir bjóða atvinnulífinu," segir Bergþór, bjartsýnn á framtíðina. „Félagið er öflugt félag sem tekið er tillit til og borin virðing fyrir. Við erum leiðandi hópur í samningaviðræðum, eins og kjarasamningum, og hörð í horn að taka, en aldrei ósanngjörn."

Þess má geta að í tilefni 50 ára afmælis TFÍ kemur út bókin Tækni fleygir fram: Tæknifræði á Íslandi og saga Tæknifræðingafélags Íslands. Upplýsingar um dagskrá afmælisfyrirlestra er á www.tfi.is. thordis@frettabladid.is



†

*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma*

**Gíslína Þórarinsdóttir**

Dvalarheimilinu Hlíð Akureyri,

lést fimmtudaginn 7. október. Útför hennar hefur farið fram.

**Helgi Helgason og börn.**

Ný bók í geysivinsælli ritröð - þessa má ekki vanta í safnið

# Óravíddir alheimsins




Hér birtist alheimurinn okkur í allri sinni litríku og ljómandi dýrð.

Bókin er sú nýjasta í þekktri ritröð og fjallar um stjörnufræði, sögu og eðlisfræði heimsins.

Fróðleg, aðgengileg og eiguleg bók.

**12.990 kr.**
~~15.990 kr.~~

**Bókina prýða þúsundir glæsilegra ljósmynda auk skýringarmynda og stjörnukorta. Sjón er sögu ríkari!**













Tilboðið gildir til og með 10.01.2011

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** fyrir ofan, **6.** tveir eins, **8.** hamfletta, **9.** spíra, **11.** í röð, **12.** kryddblanda, **14.** hrista, **16.** pot, **17.** arr, **18.** skar, **20.** átt, **21.** drykkur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tafl, **3.** tveir eins, **4.** sambandsríkis, **5.** farvegur, **7.** gera óvandlega, **10.** rölt, **13.** fljótfærni, **15.** seytlar, **16.** mælieining, **19.** belti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ofar, **6.** kk, **8.** flá, **9.** ála, **11.** rs, **12.** karrí, **14.** skaka, **16.** ot, **17.** sig, **18.** hró, **20.** sa, **21.** malt.

**LÓÐRÉTT: 1.** skák, **3.** ff, **4.** alríkis, **5.** rás, **7.** klastra, **10.** ark, **13.** ras, **15.** agar, **16.** ohm, **19.** öl.







SETTU ÞITT KYNNINGAREFNI INN Í FRÉTTABLAÐIÐ




Notaðu mest lesna blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina. Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendi á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

**93% landsmanna hafa aðgang að Fréttablaðinu.**

**Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

Fjölpóstur með Fréttablaðinu skilar árangri!







# Stjórnmálaheimspeki 101

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Stjórnmálamenn hafa í gegnum tíðina beitt ýmsum brögðum til að halda lýðnum í greipum sínum. Ein farsælasta aðferðin var fundin upp af Rómverjum og hefur hún verið nefnd „brauð og sirkus“. Þannig var mál með vexti að harðsvíruðustu valdamenn þurftu einungis að fylla maga almúgans og bjóða honum síðan upp á skemmtan svo að hann gleymdi lúsarlegu hlutskipti sínu. Að þessu uppfylltu voru valdamenn búnir að tryggja sig í sessi.

**ÞETTA** var ódýrt og þægilegt. Ekki þurfti annað en bjóða lýðnum upp á hveiti og síðan var ólánspésum varpað fyrir ljón, fólkinu til ómældrar ánægju. Skemmtiatriðin hafa breyst þó nokkuð í tímans rás en aðferðin lifir góðu lífi. Til dæmis þarf Berlusconi ekki annað en dusta annað slagið brauðmylsnu af allsnægtaborði sínu og bregða svo á leik með gamanmál milli þess sem hann hleypur undan réttvísinni. Er hann nú fyrir löngu orðinn óhjákvæmilegur forsætisráðherra.

**Á** Íslandi hefur þessi aðferð líka dugað býsna vel. Bankarnir þeyttu styrkjum og bitlingum út um allar trissur, buðu upp á efnahagslegar sjónhverfingar og ýmsar skemmtanir og uppákomur. Reyndar var varla til sú uppákoma sem ekki var í boði bankanna. Þetta gafst aldeilis vel og fyrr en varði gengu háir sem lágir bankanum á vald.

**EN** síðan kom kreppan og brauðið var af skornum skammti. Íslendingar dóu þó ekki ráðalausir og ákváðu að leggja bara þeim mun meiri áherslu á sirkusinn. Þetta skapaði tækifæri fyrir grínista eins og Jón Gnarr sem ekki þurfti að kosta skemmtanirnar heldur stóð bara fyrir þeim sjálfur. Þetta hentaði Reykvíkingum vel á þrengingartímum. Ríkisstjórnin, sem jafnan reynir að fylgja straumum og stefnum, komst hins vegar að því, sér til mikillar hrellingar, að hún hafði ekki á að skipa neinum skemmtikrafti. Ekki einu sinni hagyrðingi. Þá var gripið til þess ráðs að varpa Geir fyrir landsdóm en landanum var ekki skemmt.

**Í** dag er Ísland því gott dæmi um algjöra stjórnarkreppu þar sem hvorki brauði né sirkusi er fyrir að fara. Við slíkar aðstæður neyðist almúginn til að hafa ofan af fyrir sér sjálfur með trumbuslætti og þingmannaþeytingu en hún felst í því að henda þingmönnum að Alþingishúsinu – gagnast meira að segja varaþingmenn í þessum tilgangi. Þeir sem standa sig vel í þessu skemmtanahaldi fá svo eflaust tækifæri í ríkissirkusnum þegar hann tekur flugið á ný.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



# Heldur þann næstbesta

Bókmenntir ★★★★

**Mörg eru ljónsins eyru**
Þórunn Valdimarsdóttir




Ástar- og átakasagan Laxdæla er náttúrulega hreinræktuð sápa og furðulegt að ekki skuli löngu vera búið að gera nútímaútgáfu af örlögum þeirra fóstbræðra Kjartans og Bolla og ástkonu þeirra Guðrúnar Ósvífursdóttur. Nú hefur Þórunn Erlu Valdimarsdóttir bætt úr þeirri vöntun og skrifað sakamálasögu úr samtímanum með persónum og plotti úr Laxdælu.

Guðrún er hér reyndar Óðinsdóttir, sjónvarpsfréttamaður og fegurðardís, Bolli myndlistarmaður og Kjartan sagnfræðingur.

Sagan hefst á morði Kjartans sem lögreglumaðurinn Leó L. Jónsson þarf að rannsaka. Stekkur síðan beinustu leið í forsöguna, sem spannar fjórtán ár, og lýkur á niðurstöðu rannsóknarinnar og eftirmála.

Forsagan er meginefni bókarinnar, morðin næstum aukaatriði og þar sem lesandinn þykist vita hver myrti hvern er ekki mikil spenna. Þórunn snýr sig reyndar frábærlega út úr því og kemur Laxdælukunnugum lesendum á óvart. Annars fylgir hún í megindráttum sögu fóstbræðranna og ástkonunnar en færir hana til nútímans á skemmtilegan og sannfærandi hátt.

Lögreglumaðurinn Leó er fjórða aðalpersóna sögunnar, skondin blanda af skandinavískri vandamálalöggu og amerískri töffaralöggu, og saga hans og heimilisaðstæður leika stórt hlutverk í fléttunni enda flækjast örlög þeirra Guðrúnar saman með óvæntum afleiðingum.

Persónurnar eru misvel mótaðar, Guðrún, Kjartan, Leó og ýmsar aukapersónur mjög vel dregin og trúverðug, en Bolli hálfgerður huldumaður sem lesandinn nær illa að tengjast og Hrefna, kona Kjartans, afskaplega þokukennd persóna. Einnig þar tekur Þórunn mið af Laxdælu.

Eins og endranær hjá Þórunni er það þó stíllinn sem lyftir þessari sögu hátt yfir flestar aðrar íslenskar sakamálasögur. Þessi sérkennilega blanda af gömlu bókmáli og nútíma talmáli virkar tilgerðarleg í fyrstu en býr yfir einhverjum seið sem sogar lesandann inn í söguna og rígheldur honum þar. Hér morar allt í orðtökum með glettnislegri vísun til Íslendingasagna: „Ágirnd vex með bossa hverjum“, „Meira þarf til en myntusúpu með gúrkum“, „Ástarfljótsskrímslið er í djúpunum“ o.s.frv. En textinn morar líka í óhemjufallegum setningum og erótískum undirtónum, heimspekilegum hugleiðingum og hártogunum. Einhver orðaði það svo að textinn daðraði við lesandann og það má til sanns vegar færa. Og það daður svínvirkar. Maður fyllist næstum því söknuði þegar bókin endar og klippt er á orðahringiðuna sem haft hefur mann á valdi sínu meðan á lestri stóð.

Merkimiðinn sakamálasaga er dálítið vafasamur, ekki eru fornsögurnar eða leikrit Shakespeares flokkuð sem sakamálasögur þótt þar sé krökkt af morðum og undirferli. Mörg eru ljónsins eyru á meira skylt við fyrrnefnd rit en formúlukennda krimma samtímans. Hún er fyrst og fremst breið skáldsaga um ástina og dauðann, eins og allar aðrar góðar sögur, og mörgum þrepum ofar í bókmenntastiganum en formúlubókmenntirnar.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Vel heppnuð nútímaútfærsla á Laxdælu sem á meira skylt við fornsögurnar en formúlukrimma samtímans.

# Afmælisútsala í Bókinni

Fornbókasalan Bókin fagnar fimmtíu ára afmæli nú um mundir og af því tilefni hefur verið efnt til sérstakrar afmælisútsölu, þar sem um það bil 40 þúsund bækur í versluninni verða á 50 prósenta afslætti.

„Þetta eru bækur úr öllum áttum,“ segir Bragi Kristjónsson fornbókasali. „Hér eru ættfræðirit, héraðssaga, matreiðslubækur, blandaðar fagbókmenntir, íþróttir og tómstundaiðja, sjálfshjálparbækur í miklu úrvali, ævisögur erlendra stórmenna og landkönnun á íslenskum og erlendum tungum, skákbækur, hvernig verða má ríkur og voldugur og ég veit ekki hvað og hvað.“

Bragi bendir á að útgefnir bókatitlar á 20. öld hafi verið um 100 þúsund talsins og þetta sé því vænn hluti þess sem komið hefur út. Útsalan hefst í dag og stendur í eina viku. Bókin ehf. var stofnuð í litlu húsnæði við Klapparstíg 26 árið 1960, en var lengst af á Laugavegi 1 og Skólavörðustíg 6.



**BRAGI KRISTJÓNSSON** Á útsölunni verða 40 þúsund titlar seldir með 50 prósenta afslætti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Samningaviðræður Íslands við ESB**

## Klárum dæmið

**Hvernig má auka pólitíska samstöðu um að ljúka aðildarviðræðum?**

Fundur í **Iðnó** fimmtudaginn **21. október** kl. **8:15** - 9:30
Kaffibolli og rúnnstykki í upphafi fundar

**Semjum og látum þjóðina ákveða**
**G. Valdemar Valdimarsson**, formaður alþjóðanefndar Framsóknarflokksins
**Margrét Guðmundsdóttir**, formaður Félags atvinnurekenda
**Margrét Kristmannsdóttir**, formaður Samtaka verslunar og þjónustu
**Sóley Tómasdóttir**, borgarfulltrúi og ritari stjórnar VG

**Geta þingmenn náð höndum saman?**
**Birkir Jón Jónsson**, alþingismaður og varaformaður Framsóknarflokksins
**Guðlaugur Þór Þórðarson**, alþingismaður
**Katrín Jakobsdóttir**, mennta- og menningarmálaráðherra, varaformaður VG
**Valgerður Bjarnadóttir**, alþingismaður

Fundarstjóri er **Jón Steindór Valdimarsson**, formaður Sterkara Íslands

Nánari upplýsingar á **www.sterkaraisland.is**

STERKARA ÍSLAND
– þjóð meðal þjóða



NÝTT Í BÍÓ!







| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| SOCIAL NETWORK | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| SOCIAL NETWORK LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| THE AMERICAN | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| BRIM | kl. 4 - 6 - 8 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 5 - 8 | L |
| PIRANHA 3D | kl. 10.45 | 16 |
| WALL STREET 2 | kl. 10 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| SOCIAL NETWORK | kl. 6 - 9 | 7 |
| BRIM | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 6 - 9 | L |
| SUMARLANDIÐ | kl. 6 - 8 | L |
| WALL STREET 2 | kl. 10 | L |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 - 10.30 | 7 |
| BRIM | kl. 5.30 | L |
| THE AMERICAN | kl. 10.30 | 14 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 5.30 - 8 | L |

facebook.com/smarabio AUKAKRÓNUR 5%

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE SOCIAL NETWORK | 5, 7.30 og 10 | 7 |
| DINNER FOR SCHMUCKS | 8 og 10.20 | 7 |
| THE AMERICAN | 8 og 10.20 | 14 |
| AULINN ÉG 3D | 6 | L |

BESTA SKEMMTUNIN
SAMBÍÓIN







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| ÓRÓI | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 6 - 8 - 10:40 | 16 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:40 | VIP |
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 - 8 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| SOLOMON KANE | kl. 10:20 | 16 |
| SOLOMON KANE | kl. 5:40 | VIP |
| GOING THE DISTANCE | kl. 8:30 - 10:40 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSSI | | |
|---|---|---|
| ÓRÓI | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 8 - 10:20 | 7 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| ÓRÓI | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |
| STEP UP 3 | kl. 8 | 7 |
| INCEPTION Sýnd í síðasta sinn 21.okt. | kl. 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |
| ÓRÓI | kl. 8 - 10 | 10 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |


# Geir Haarde klipptur út

**Heimildarmyndin Inside Job eftir Charles Ferguson verður frumsýnd hér á landi byrjun nóvember. Myndin fjallar um efnahagshrunið sem reið yfir heimsbyggðina. Í samtali við Fréttablaðið segist Ferguson vonast til að myndin varpi ljósi á hvað í raun og veru gerðist í aðdraganda fjármálahamfaranna.**



**UMDEILD MYND** Inside Job verður frumsýnd hér á landi á næstunni. Leikstjóri myndarinnar, Charles Ferguson, notar Ísland sem formála að myndinni; það sem gerðist hér hafi í raun verið smækkuð og einfölduð mynd af því sem gerðist í Bandaríkjunum.

Merkilegt nokk þá byrjar Inside Job á Íslandi. Charles Ferguson upplýsir að hann hafi dvalist hér í heila viku og tekið viðtöl við marga þjóðþekkta einstaklinga úr þjóðmálaumræðunni en að endingu hafi aðeins Gylfi Zoëga og Andri Snær Magnason ratað í myndina. Meðal þeirra sem voru klipptir út var Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra. „Við áttum gott klukkutímalangt spjall. Því miður komst viðtalið ekki fyrir en bútar úr því voru í fyrstu útgáfu myndarinnar. Ég reikna með að viðtalsbúturinn verði á DVD-útgáfunni.“ Ferguson segir að dvöl sín hér á landi hafi verið einstök upplifun, hann hafi komið hingað í maí á síðasta ári og því upplifað hinar margrómuðu sumarnætur.

Ástæðan fyrir því að Ísland er notað sem hálfgerður formáli að sjálfri myndinni er ósköp einföld, að sögn Fergusons. „Ísland er í raun og veru smækkuð og einföld útgáfa af því sem dró bandaríska efnahagskerfið niður; skortur á reglugerðum og eftirliti, samkrull viðskiptalífsins og stjórnmálanna og þessi áhættusækni,“ útskýrir Ferguson en Jón Ásgeir Jóhannesson er sérstaklega tekinn fyrir í myndinni, viðskiptahættir hans skoðaðir lauslega og farið yfir eignir hans, en þar á meðal voru einkaflugvél, þakíbúð í New York og einkasnekkja.

Í myndinni kemur einnig fram að margir verðbréfasalar á Wall Street hafi verið illa haldnir af áhættusækni, þeir hafi mikið sótt í strípiklúbba og vændishús og kókaínneysla hafi verið áberandi hjá stórum hluta þeirra. Ferguson segist ekki vilja ganga svo langt að fullyrða að svipað hafi verið uppi á teningnum hérlendis, þetta sé einfaldlega hegðunarmynstur sem menn sækist í. „Ég skoðaði líka veðmálastarfsemina hjá þessum verðbréfasölum, því hún var gríðarleg á þessum tíma, en sú umfjöllun komst ekki að.“

Þulur myndarinnar er Matt Damon og rödd hans hefur sterka nærveru. Ferguson segist hafa notið samstarfsins við Hollywood-stjörnuna og hann hafi komið með sterka punkta.

Hann segir jafnframt að enginn hafi reynt að stöðva dreifingu myndarinnar en sumir hafi reynt að draga sig út úr henni. „Við fengum hins vegar skriflegt leyfi hjá öllum og vorum því réttu megin hvað lög og reglur varðar.“

freyrgigja@frettabladid.is


BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| *INNÍ TÓMIÐ (ENTER THE VOID) 16 | 18:00, 21:00 |
| GREENBERG L | 18:10, 20:10, 22:10 |
| VETRARMEIN (WINTER'S BONE) 14 | 18:20, 20:20, 22:20 |
| LILJUR VALLARINS L | 18:30, 20:30, 22:30 |

*ENGLISH SUBTITLES




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR
WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS



# Kynngimögnuð saga



Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir spinnur snilldarlegan vef þar sem afbrýðisemi og græðgi ráða för. Haglega fléttuð og óvenjuleg spennusaga.

**„… Þórunn hefur einstakt lag á að komast inn í hugarheim sögupersónanna og færa lesandann þangað með sér.“**

Bjarni Ólafsson / Morgunblaðið




**„… hér er fyrst og fremst um bráðskemmtilega samtímasögu að ræða þar sem lesandinn fær meira fyrir sinn snúð en oftast þegar lesnar eru sögur um glæpi“**

Soffía Auður Birgisdóttir / Morgunblaðið (Um *Kalt er annars blóð*)


JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# sport

sport@frettabladid.is



**FYRIRLIÐI LEIKNISMANNA**, Halldór Kristinn Halldórsson, samdi í gær til þriggja ára við Pepsi-deildar lið Vals. Halldór er 22 ára miðvörður sem hefur, þrátt fyrir ungan aldur, leikið 125 deildarleiki fyrir Leikni frá árinu 2003. Hann hefur borið fyrirliðabandið í 59 þessara leikja og bar það fyrst aðeins átján ára gamall. Hann var lykilmaður í vörn Leiknis sem var hársbreidd frá því að fara upp og fékk aðeins á sig 19 mörk í 22 leikjum í sumar.

## ÚRSLIT Í GÆR

### *Eimskipsbikar karla*

HK – Akureyri 29-30 (14-12)

**Mörk HK:** Ólafur Bjarki Ragnarsson 9, Bjarki Már Elísson 5/3, Hörður Másson 4, Daníel Berg Grétarsson 3, Sigurjón F. Björnsson 3, Vilhelm G. Bergsveinsson 2, Atli Ævar Ingólfsson 2

**Varin skot:** Björn Ingi Friðþjófsson 14

**Mörk Akureyrar:** Oddur Grétarsson 10/2, Bjarni Fritzson 7, Guðmundur Helgason 4, Geir Guðmundsson 4, Heimir Örn Arnarson 3, Guðlaugur Arnarsson 1, Hörður Sigþórsson 1.

**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson 17.

### *N1 deild kvenna*

Fylkir-Fram 18-34 (11-17)

**Markahæstar:** Sunna Jónsdóttir 6, Tinna Soffía Traustadóttir 3, Áslaug Gunnarsdóttir 2, Sunna María Einarsdóttir 2, Arna Valgerður Erlingsdóttir 2 - Karen Knútsdóttir 10, Stella Sigurðardóttir 7, Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 3, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 3, Hildur Þorgeirsdóttir 3, Anna María Guðmundsdottir 2, Marthe Sördal 2, Ásta Birna Gunnarsdóttir 2.

Bæði liðin voru ósigruð fyrir leikinn

### *Enska b-deildin*

Bristol City-Reading 1-0

Brynjar og Ívar voru ekki með í gær.

Coventry-Cardiff City 1-2

Aron Einar Gunnarsson lék allan leikinn.

Millwall-Portsmouth 0-1

Hermann Hreiðarsson var ekki með.

Swansea City-Queens Park Rangers 0-0

Heiðar Helguson var í byrjunarliðinu og lék fyrstu 80 mínútur leiksins. QPR er áfram taplaust á toppi deildarinnar.

### *Þýski bikarinn í handbolta*

Bietigheim-TuS N-Lübbecke 30-31 (framl.)

Þórir Ólafsson tryggði TuS N-Lübbecke framlenginu með því að jafna leikinn í 25-25 í lok venjulegs leiktíma og skoraði alls 5 mörk í leiknum.

Leipzig-Füchse Berlin 23-34

Alexander Petersson skoraði 3 mörk

# Veit ekki hvað breyttist hjá Rooney

**Wayne Rooney tilkynnti forráðamönnum Man. Utd fyrir rúmum tveimur mánuðum að hann vildi yfirgefa félagið. „Gríðarleg vonbrigði," segir Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd. Rooney verður líklegast seldur í janúar. Annars gæti félagið misst hann næsta sumar fyrir skiptimynt.**

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, reif þögnina um Wayne Rooney í gær og staðfesti að framherjinn vildi komast frá félaginu. Það sem meira er, að Rooney lýsti því yfir fyrir rúmum tveimur mánuðum. Tíðindin komu Ferguson og félögum í opna skjöldu.

„Við byrjuðum að ræða um nýjan samning síðasta sumar. Það var síðan 14. ágúst að umboðsmaður hans hringir í okkur og sagði að Rooney ætlaði ekki að skrifa undir nýjan samning. Ég skildi það alls ekki því mánuði áður sagðist Wayne elska félagið og sagðist ætla að klára ferilinn sinn hér," sagði Ferguson í viðtali við sjónvarpsstöð félagsins, MUTV.

„Ég veit hreinlega ekki hvað breyttist hjá honum. Við vorum í miklu áfalli yfir þessum tíðindum. Kölluðum strákinn síðan á fund og þar undirstrikaði hann við okkur að hann vildi fara. Ég tjáði honum þá að hann skyldi virða félagið engu að síður og ekki vera í neinu rugli. Hvort hann hefur sýnt félaginu virðingu verður fólk að dæma um sjálft," sagði Ferguson sem er ekki búinn að gefa upp alla von.

„Dyrnar standa honum samt opnar ef honum snýst hugur. Þessi ákvörðun hans veldur mér persónulega miklum vonbrigðum. Ég trúi þessu varla. Hann var nýbúinn að segjast ætla að vera hér fyrir lífstíð og svo gerist þetta. Við vorum til í að gera vel við hann. Svo vel að hann hefði orðið launahæsti leikmaður landsins."



**Á ÚTLEIÐ** Ferguson getur ekki stöðvað Rooney sem vill komast frá Man. Utd.

NORDIC PHOTOS/AFP

Engar samningaviðræður eru í gangi sem stendur enda vill Rooney ekki semja. Það er nokkuð ljóst miðað við núverandi stöðu að United verður að selja leikmanninn í janúar.

Ef ekki þá getur Rooney fengið sig lausan næsta sumar fyrir litlar 5 milljónir punda. Það er gjafverð ef horft er til þess að United gæti líklega fengið að minnsta kosti 50 milljónir punda fyrir hann í dag.

Ferguson sagði einnig að hann hefði aldrei rifist við Rooney þó svo að þeir tveir hefðu verið á öndverðum meiði í yfirlýsingum um meint meiðsli leikmannsins.

„Hann var meiddur og strákurinn sagði það sjálfur. Hann fór í myndatöku þar sem það sést svart á hvítu. Hann gat æft en var ekki heill heilsu. Hvers vegna hann ákvað samt að segja þetta skil ég ekki. Það voru mér persónulega mikil vonbrigði að hann skyldi haga sér á þennan hátt."

United á leik í Meistaradeildinni í kvöld og er ekki vitað hvort Rooney spilar. henry@frettabladid.is





**BARIST UM FRÁKASTIÐ** Akureyringurinn Hörður Fannar Sigþórsson skutlar sér á eftir frákasti í leiknum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Akureyri vann HK 30-29 í Eimskipsbikarnum í gær:

# Við dettum alltaf út í fyrstu umferð

**HANDBOLTI** Akureyringar bókuðu sæti sitt í 16-liða úrslitum Eimskipsbikarnum í gær í háspennuleik gegn HK í Digranesinu en Akureyrarliðið vann leikinn 30-29.

Akureyringar héldu lengi vel forskoti í leiknum en náðu aldrei að hrista HK frá sér og munaði litlu að HK jafnaði á síðustu andartökum leiksins en skotið fór fram hjá. „Við erum mjög ánægðir með að vera komnir áfram eftir að hafa fengið mjög erfiða viðureign við HK og við þurftum að hafa mikið fyrir þessu,“ sagði Oddur Grétarsson, leikmaður Akureyrar, en hann var markahæstur með 10 mörk.

Akureyri var þegar búið að vinna einu sinni í Digranesi í vetur en liðið vann tólf marka sigur á HK í fyrstu umferð N1-deildarinnar á dögunum.

„Þeir mættu brjálaðir til leiks og það var ekkert vanmat í gangi eftir fyrri leikinn, þeir eru búnir að vinna síðustu tvo leiki og úr varð hörkuleikur sem við erum mjög ánægðir með að vinna,“ sagði Oddur.

„Þetta er búið að vera svona síðustu ár hjá okkur sem ég er búinn að vera í HK, við dettum út í fyrstu umferð,“ sagði Ólafur Bjarki Ragnarsson, leikmaður HK. „Síðustu ár hafa liðin sem slá okkur út orðið bikarmeistarar en við vorum staðráðnir í að hefna fyrir síðasta leik sem þeir unnu nokkuð örugglega. Við náðum að bæta okkur þokkalega en náðum ekki sigrinum,“ sagði Ólafur. - kpt

# Markamet hjá Arsenal

## Chelsea, Arsenal, Real Madrid og Bayern München eru öll í frábærum málum með fullt hús eftir sigra í sínum leikjum í 3. umferð Meistaradeildarinnar í gær.

**FÓTBOLTI** Stórliðin Chelsea, Arsenal, Real Madrid og Bayern München eru öll í frábærum málum í sínum riðlum í Meistaradeildinni þegar riðlakeppnin er hálfnuð. Arsenal vann 5-1 stórsigur í toppslagnum í H-riðli og sigrar Real Madrid og Chelsea voru einnig öryggir. Bayern vann hins vegar einn ótrúlegasta sigur kvöldsins en liðið rétt marði Cluj 3-2 á heimavelli þar sem Rúmenarnir skoruðu fjögur af fimm mörkum leiksins.

Arsenal fór á kostum og burstaði úkraínska liðið Shakhtar Donetsk 5-1 í toppleiknum í H-riðli. Arsenal-liðið er því með 9 stig af 9 mögulegum, markatöluna 14-2 og með miklu betri innbyrðisstöðu en Shakhtar sem er áfram í 2. sætinu. Arsenal setti markamet en engu öðru liði hefur tekist að skora svona mörg mörk í fyrstu þremur leikjum sínum í Meistaradeildinni. Real Madrid átti gamla metið sem var 12 mörk í upphafi 2002-03 tímabilsins.

„Ég er á því að við höfum verið að spila á móti góðu liði. Við vorum bara beittir og spiluðum háklassa fótbolta. Við skoruðum mörkin okkar vegna þess hreinlega að þeir voru orðnir þreyttir á að elta boltann,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal. Alex Song og Samir Nasri komu Arsenal í 2-0 áður en Cesc Fabregas skoraði úr víti í sínum fyrsta leik eftir meiðslin. Jack Wilshere og Marouane Chamakh juku muninn í 5-0 áður en varamaðurinn Eduardo da Silva náði að minnka muninn í lokin á móti sínum gömlu félögum.

Real Madrid lét sér nægja að skora tvö mörk með mínútu millibili í öruggum 2-0 sigri á AC Milan í uppgjöri risanna í Evrópusögunni. Cristiano Ronaldo skoraði fyrra markið beint úr aukaspyrnu á 13. mínútu og lagði upp annað markið fyrir Mesut Özil aðeins mínútu síðar. Real Madrid er með fullt hús og 5 stigum meira en AC Milan.

Chelsea er einnig í góðum málum eftir 2-0 sigur á Spartak í Moskvu í uppgjöri toppliðanna í F-riðlinum. Rússinn Yuri Zhirkov kom Chelsea í 1-0 með frábæru skoti en hann var fyrsti Rússinn til að skora hjá rússnesku liði í Meistaradeildinni. Nicolas Anelka skoraði seinna markið rétt fyrir hálfleik. Chelsea hefur þar með þriggja stiga forskot á toppi F-riðilsins og státar af markatölunni 8-1.

Bayern München er líka með fullt hús í E-riðli og sex stiga forskot á Roma eftir að ítalska liðið tapaði 1-3 á heimavelli á móti svissneska liðinu Basel. Bayern vann 3-2 sigur á rúmenska liðinu Cluj þrátt fyrir að Rúmenarnir hafi skorað fjögur mörk í leiknum því tvö fyrstu mörk Bayern voru sjálfsmörk.

ooj@frettabladid.is



### Meistaradeildin í gær

**E: Roma-Basel 1-3**
0-1 Alexander Frei (12.), 1-1 Borriello (21.), 1-2 Inkoom (44.), 1-3 Cabral (90.)

**E: Bayern Munchen-Cluj 3-2**
0-1 Cadú (28.), 1-1 Sjálfsmark (32.), 2-1 Sjálfsmark (38.), 3-1 Mario Gomez (77.), 3-2 Juan Culio (86.)

**F: Spartak Moskva-Chelsea 0-2**
0-1 Zhirkov (23.), 0-2 Nicolas Anelka (43.)

**F: Marseille-Zilina 1-0**
1-0 Souleymane Diawara (49.)

**G: Real Madrid-AC Milan 2-0**
1-0 Cristiano Ronaldo (13.), 2-0 Özil (14.)

**G: Ajax-Auxerre 2-1**
1-0 Demy de Zeeuw (7.), 2-0 Luis Suárez (41.), 2-1 Valter Birsa (57.)

**H: Arsenal-Shakhtar Donetsk 5-1**
1-0 Alex Song (20), 2-0 Samir Nasri (43.), 3-0 Cesc Fabregas, víti (59.), 4-0 Jack Wilshere (65.), 5-0 Marouane Chamakh (69.), 5-1 Eduardo (82.)

**H: Braga-Partizan Belgrad 2-0**
1-0 Lima (35.), 2-0 Matheus (90.)

100.000.000
+950.000.000

00.000

Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 950 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 20. OKTÓBER 2010

A. 12 14 17 21 41 48
B. 05 16 23 36 37 38
C. 07 09 13 22 34 38
D. 03 06 19 24 25 31
E. 11 19 21 25 38 42
F. 01 25 35 36 39 46
G. 18 19 20 23 28 46
H. 22 27 29 39 40 42

## > Lucy Hale

„Ég dýrka spennuna sem fylgir því að leika og syngja á sviði. Ég trúi því að ég hafi það hlutverk í lífinu að syngja fyrir framan áhorfendur.“

***Lucy Hale leikur í dramaþáttaröðinni Pretty Little Liars sem hóf göngu sína á Stöð 2 nú fyrr í sumar. Pretty Little Liars er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld kl. 20.10.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR HEILLAST AF SNIÐUGUM LÖNDUM SÍNUM

# *Sögur af ekta fólki*

Stundum slysast ég til að horfa á alvöru sjónvarpsefni. Það gerist ekki oft enda offramboð af ávanabindandi bandarískum sápum á hinum ýmsu stöðvum.

Á sunnudaginn, þar sem ég sat og flokkaði einstæða sokka, varð mér á að detta inn í endursýndan þátt af Landanum á RÚV. Í fyrstu var áhugi minn takmarkaður, sem hlutaðist líklega til af því að ég hafði heyrt miður góðar sögur af öðrum íslenskum landsbyggðarþætti, Hringekjunni. Ekki tók mig þó langan tíma að átta mig á að hér var um úrvalsefni að ræða.

Í þættinum var fjallað um sérstæða smalamennsku í Öræfasveit þar sem bændur þurfa að nota kláf og flotpramma til að koma



fénu af fjalli. Þá var fjallað um nýja krabbategund í Hvalfirði, gamla veginn um Óshlíð sem í dag þjónar helst hjólafólki, glerframleiðslu á Hellu og málningarfyrirtækið Kalkliti á Akureyri og loks var spjallað við Ágústu Þorkelsdóttur frá Refstað sem rekur Kaupvangskaffi á Vopnafirði. Allt var þetta með eindæmum áhugavert fólk sem hafði frá mörgu að segja.

Landinn er frétta- og þjóðlífsþáttur sem hóf göngu sína í Sjónvarpinu 3. október. Ritstjóri Landans er Gísli Einarsson en í þáttunum fara fréttamenn RÚV um land allt á stúfana og færa áhorfendum fréttir, fróðleik og sögur af merkilegu fólki og framtaki. Það er mjög jákvætt skref hjá Sjónvarpinu að nýta starfskrafta sína úti á landi með svo uppbyggilegum og skemmtilegum þætti. Meira svona.

### SJÓNVARPIÐ

**16.05 Kaldal** Heimildamynd um Jón Kaldal. (e)
**16.50 Návígi** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var...lífið** (9:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Snillingarnir** (4:28)
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (4:42)
**18.31 Gló magnaða** (4:19)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Ljóta Betty** (81:85) (Ugly Betty)
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Viðtalið** Bogi Ágústsson ræðir við Klaus Naumann, fyrrverandi formann þýska herráðsins og formann hermálanefndar NATÓ.
**22.50 Tankograd** (Tankograd) Dönsk heimildamynd um dansflokk í borginni Tsjeljabinsk sem var kölluð Tankograd eða Skriðdrekaborg vegna mikillar hergagnaframleiðslu þar á árum áður.
**23.50 Landinn** (e)
**00.20 Kastljós** (e)
**01.00 Fréttir** (e)
**01.10 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 My Blue Heaven**
**10.00 Naked Gun 2 ½: The Smell of Fear**
**12.00 Space Jam**
**14.00 My Blue Heaven**
**16.00 Naked Gun 2 ½: The Smell of Fear**
**18.00 Space Jam**
**20.00 You Don't Mess with the Zohan**
**22.00 Cake: A Wedding Story**
**00.00 Stardust**
**02.05 Yes**
**04.00 Cake: A Wedding Story**
**06.00 Old School**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Ofurhundurinn Krypto, Ævintýri Juniper Lee, Ofuröndin.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Lois and Clark: The New Adventure** (8:21)
**11.50 Extreme Makeover: Home Edition** (3:25)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Gossip Girl** (8:22)
**13.45 Ghost Whisperer** (18:23)
**14.40 E.R.** (21:22)
**15.30 iCarly** (9:25)
**15.53 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ofuröndin, Ofurhundurinn Krypto
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (2:23)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (24:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (2:24)
**20.10 Pretty Little Liars** (8:22) Dramatískir spennuþættir.
**20.55 Grey's Anatomy** (4:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar.
**21.45 Medium** (5:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar.
**22.30 Nip/Tuck** (4:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar.
**23.15 Sex and the City** (3:18)
**23.45 NCIS: Los Angeles** (9:24)
**00.30 The Closer** (15:15)
**01.15 The Forgotten** (13:17)
**02.00 X-Files** (21:24)
**02.45 E.R.** (21:22)
**03.30 Sjáðu**
**04.00 Wrong Turn 2**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag** (e)

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**09.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**15.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - Endursýndur leikur**
**17.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**18.00 Meistaradeildin - upphitun**



**18.30 Meistaradeild Evrópu: Inter - Tottenham**
**20.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**21.20 Meistaradeild Evrópu: Man. Utd. - Bursaspor**
**23.10 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Köbenhavn**
**01.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Wolves - West Ham**
**18.15 Fulham - Tottenham**
**20.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**20.55 Maradona** Að þessu sinni verður fjallað um Diego Maradona sem er talinn besti knattspyrnumaður allra tíma að margra mati.
**21.25 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.55 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara.
**22.55 Blackburn - Sunderland**

### SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 The Marriage Ref** (6:12) (e)
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 Nýtt útlit** (5:12) (e)
**19.00 Judging Amy** (1:23) Bandarísk þáttaröð um lögmanninn Amy sem gerist dómari í heimabæ sínum.
**19.45 Accidentally on Purpose** (10:18) (e)
**20.10 Spjallið með Sölva** (5:13) Að þessu sinni ræðir hann við Eirík Jónsson og Þorbjörgu Marinósdóttur sem yfirgáfu ritstjórn blaðsins Séð og heyrt nýverið. Bergþór Pálsson kennir borðsiði og skyggnst er inn í veröld Hilmis Kolbeinssonar sem er Star Wars-aðdáandi af lífi og sál.
**20.50 Parenthood** (3:13) Ný þáttaröð sem er í senn fyndin, hjartnæm og dramatísk.
**21.35 America's Next Top Model** (3:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**22.25 Secret Diary of a Call Girl** (3:8) Skemmtileg og ögrandi þáttaröð.
**22.55 Jay Leno**
**23.40 CSI: Miami** (3:24) (e)
**00.30 CSI: New York** (24:25) (e)
**01.15 Premier League Poker II** (11:15) (e)
**03.00 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World** Daglegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um allt það nýjasta í golfheiminum.
**18.50 PGA Grand Slam of Golf 2010** (1:2) (e)
**22.00 Golfing World** (e)
**22.50 European Tour - Highlights 2010** (3:10) (e)
**23.40 Golfing World** (e)
**00.30 ESPN America**

### EXTRA

**19.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfreyr.
**19.40 Falcon Crest** (19:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing- og Giobertis-fjölskyldunum; lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.
**20.30 Little Britain** (1:6) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Cougar Town** (19:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends.
**22.15 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.
**23.00 The Shield** (7:13) Sjöunda spennuþáttaröðin um lögreglulið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt.
**23.50 Daily Show. Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart.
**00.15 Little Britain** (1:6)
**00.45 The Doctors**
**01.25 Falcon Crest** (19:22)
**02.15 Fréttir Stöðvar 2**
**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**18.30 Helgarpakkinn með Rúnari Eff** Viðburðir helgarinnar norðanlands.

### ÍNN

**20.00 Björn Bjarna** Ari Kristinn Jónsson rektor HR.
**20.30 Mótoring** Stígur Keppnis hefur slegið í gegn hjá bíla- og mótorhjólaköppum í allt sumar.
**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og félagar um markaðsmálin.
**21.30 Eru þeir að fá hann?** Haustblíða í veiðiskap.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.55**

### Grey's Anatomy

Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu lækn-anna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Leyfilegt mál og óleyfilegt **14.03** Tónleikur **15.03** Útvarpssagan: Stormur **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Tolstoj: Aldarminning **21.10** Út um græna grundu **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.05** Næturtónar

## BBC entertainment

**13.45** Absolutely Fabulous **14.20** Absolutely Fabulous **14.50** My Family **15.25** The Inspector Lynley Mysteries **16.10** The Weakest Link **16.55** Deal or No Deal **17.30** My Hero **18.00** Little Britain **18.30** Whose Line Is It Anyway? **19.00** Two Pints of Lager (and a Packet of Crisps) **19.30** New Tricks **20.20** Come Dine With Me **20.45** Come Dine With Me **21.10** Little Britain **21.40** Whose Line Is It Anyway? **22.05** EastEnders **22.35** Tess of the D'Urbervilles **23.30** New Tricks

## DR 1

**13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Svampebob Firkant **14.50** Nik & Jan **15.00** Brødrene Løvehjerte **15.30** Skæg med bogstaver **15.50** Laban det lille spøgelse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Aftenshowet 2. del **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Ved du hvem du er? **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Inspector Rebus **21.10** Onsdags Lotto **21.15** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **22.00** Huslægen **22.30** OBS **22.35** Naruto Uncut **23.00** Boogie Mix

## NRK 1

**12.30** Tinas mat **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Si ja, bli min **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** FBI **18.15** Folk **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.40** House **20.25** Migrapolis **20.55** TV-aksjonen **21.00** Kveldsnytt **21.15** Paul Merton i India **22.00** Filmbonanza **22.30** Ta en Tattoo **23.00** Viggo på lørdag **23.25** Svisj gull

## SVT 1

**14.55** Våra vänners liv **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Brottet **20.00** Hung **20.30** Nurse Jackie **21.00** X-Games **21.45** Våra vänners liv **22.45** Vem tror du att du är? **23.25** Dox


# KAUPTU FRÓN MJÓLKURKEX

OG STYDDU INNLENT HJÁLPARSTARF

RAUÐA KROSS ÍSLANDS Í LEIÐINNI

**10 KRÓNUR AF HVERJUM**

SELDUM PAKKA RENNA TIL STARFSINS




Frón kemur við sögu á hverjum degi!

Sjálfboðaliðar í 50 deildum um allt land halda uppi innanlandsaðstoð Rauða kross Íslands. Meðal helstu verkefna má nefna Hjálparsímann 1717, Rauðakrosshúsið, fataflokkun, heimsóknarvini, sjúkrabifreiðar, skyndihjálparfræðslu, þjónustu og aðstoð við innflytjendur, hælisleitendur, fólk með geðraskanir og ungmennastarf. Einnig má nefna að Rauði krossinn er hluti af almannavörnum og sinnir þar m.a. sálænum stuðningi þegar á reynir.

Rauði kross Íslands



DÍSA ljósálfur



# Sýningar í Austurbæ

Miðasala á midi.is

AUSTURBÆR

## FÉSBÓKIN



*„Siggu Beinteins á stjórnlagaþing! Ég meina, hún var í Stjórninni, kann öll lögin og fer létt með að velja þau bestu. Er ekki annars verið að gera safnplötu? Svo er þetta hugguleg og frambærileg kona. Áfram Sigga!“*

Stefán Máni rithöfundur.

# Vill tíu milljónir fyrir Ágætis byrjun

„Tíu milljónir er tala sem myndi skipta mig máli. Tvær milljónir breyta ekki lífi mínu,“ segir Gotti Bernhöft, sem teiknaði frægar myndir í umslagið fyrir Ágætis byrjun, aðra plötu Sigur Rósar.

Gotti fékk nýlega tilboð upp á tvær milljónir króna í teikningarnar fjórar sem hann gerði fyrir umslagið en hafnaði því samstundis. „Ég vil selja þær allar á tíu milljónir. Ég vil í rauninni ekki selja en ef ég ætlaði að selja þær myndi ég selja á því verði,“ segir Gotti, sem hefur áður fengið tilboð í aðalmynd umslagsins upp á tvær og hálfa milljón. „Það er allt til sölu fyrir rétt verð en ég efast um að það sé til svo ríkur Sigur Rósar aðdáandi á Íslandi að hann sé tilbúinn að splæsa tíu milljónum í þetta. Ef ég vil selja þarf ég að fara með þetta á uppboð úti. Ég á örugglega eftir að gera það þegar ég hef tíma og það liggur þannig við.“

Á næsta ári verða liðin tíu ár síðan Ágætis byrjun kom út í Bandaríkjunum og af því tilefni er afmælishátíð í bígerð. Bók og tónleikaferð hafa þar verið nefnd til sögunnar. „Ef maður selur myndirnar væri sniðugt að gera það þegar þetta er í gangi.“

Platan Ágætis byrjun hefur farið víða, enda hefur hún selst gríðarvel síðastliðinn áratug. Spurður segist stoltur af teikningum sínum. „Ég er stoltur af ansi mörgu sem ég hef gert en þetta er það eina sem hefur lifað og kannski farið víðar en nokkuð annað sem ég hef gert, þótt ég sé búinn að vera starfandi hönnuður í tuttugu ár,“ segir Gotti, sem er einnig útlitshönnuður nýja Popppunktsspilsins sem er væntanlegt. **- fb**



**GOTTI BERNHÖFT** Hafnaði tilboði upp á tvær milljónir í teikningar sínar.



**ÁGÆTIS BYRJUN** Teikningarnar sem Gotti gerði fyrir Ágætis byrjun.

# Ástþór áfram í erlendri lagakeppni

„Þetta kom mér rosalega á óvart,“ segir rapparinn Ástþór Óðinn.

Lag hans, Mamma, sem hann syngur með Möggu Eddu er komið í 35 manna úrslit í erlendri lagakeppni á vegum I-Mego. Um nýja evrópska keppni er að ræða þar sem hæfileikaríkir tónlistarmenn sem eru ekki með plötusamning fá tækifæri til að láta ljós sitt skína. Mörg hundruð lög voru send í keppnina og lag Ástþórs, sem er bæði sungið á íslensku og ensku, var valið úr þeim hópi.

„Þetta lag fjallar um mömmu mína sem lést fyrir fimmtán árum síðan. Ég er að skrifa henni bréf um hvernig staðan er í dag og hvernig hlutirnir hafa þróast,“ segir Ástþór. Lagið er á plötu hans, Both Ways, sem kom út fyrir síðustu jól. Hann frétti fyrst af keppninni þegar hann stundaði nám í upptökustjórn í London og sendi lagið svo inn fyrir mánuði.

Bandaríska útgáfufyrirtækið Expat Records heyrði lagið fyrir skömmu og hefur sýnt áhuga á að gefa plötuna Both Ways út. „Þetta er á byrjunarstigi en þetta er komið í ferli hjá þeim,“ segir Ástþór og viðurkennir að innsti draumur sinn muni rætast ef samningurinn verður að veruleika.

Hægt er að kjósa lag Ástþórs á síðunni Facebook.com/imegoinfinity. Tilkynnt verður um ellefu efstu keppendurna 29. október og sigurvegarinn verður tilkynntur 2. nóvember. Hann fær einn dag í hljóðveri í verðlaun og hinir tíu fá smærri verðlaun. **- fb**



**ÁSTÞÓR ÓÐINN** Lag hans, Mamma, er komið í 35-manna úrslit nýrrar evrópskrar lagakeppni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






RAGNAR BRAGASON: HALLDÓR GYLFASON EFSTUR Á ÓSKALISTANUM

# Vaktargengið hefur vinnu að nýjum þáttum án Jóns

„Við Jörundur og Ævar erum byrjaðir á sjónvarpsseríu sem á að taka upp í vor. Hún heitir Heimsendir, hvorki meira né minna,“ segir Ragnar Bragason leikstjóri.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu stóð til að fimmenningarnir á bak við Nætur-, Dag- og Fangavaktina myndu hefja vinnu að nýrri þáttaröð nú í haust. Þegar Jón Gnarr var kjörinn borgarstjóri varð ljóst að hann yrði ekki með í þessari vinnu, sem er nú hafin án hans. Ragnar, Jörundur Ragnarsson og Ævar Grímsson hófust handa fyrir þremur vikum og Pétur Jóhann Sigfússon er svo væntanlegur eftir tvær vikur þegar tökum á þáttaröðinni Hlemmavídeó lýkur.

„Heimsendir er *míkrókosmos* af íslensku samfélagi,“ segir Ragnar spekingslega. „Þættirnir gerast á fjársveltri geðdeild úti á landi. Þetta er byltingarsaga, þegar sjúklingarnir taka yfir hælið. Þetta er smækkuð mynd af því sem við erum að ganga í gegnum í dag.“

Pétur Jóhann og Jörundur verða í aðalhlutverki í þáttunum og samkvæmt Ragnari er Halldór Gylfason efstur á óskalistanum fyrir þriðja aðalhlutverkið. Ef það gengur eftir er ljóst að Halldór þarf að fylla gríðarlega stórt skarðið sem Jón Gnarr skilur eftir. „Það kemur nýr rauðhaus í staðinn fyrir Jón,“ grínast Ragnar.

Hugmyndin að þáttunum kom upp þegar framleiðsla á Fangavaktinni og kvikmyndinni Bjarnfreðarson stóð yfir. Ragnar segir verkefnið stórt og að mjög stór hópur leikara komi að því – allt að 30 stykki. Þættirnir verða teknir upp í vor og verða á haustdagskrá Stöðvar 2. En verða þetta grínþættir? „Við dönsum á þessari línu milli húmors og alvöru, eins og við höfum verið að gera,“ segir Ragnar. „Þetta eru náttúrulega háalvarlegar aðstæður, þessi heimur geðsjúkra. Svo er það sem kemur upp náttúrulega kómískt í sjálfu sér.“

**atlifannar@frettabladid.is**



**GULLKÁLFARNIR KOMA SAMAN**

Viðtökur Nætur-, Dag- og Fangavaktarinnar eiga sér ekki hliðstæðu á Íslandi. Þættirnir fengu gríðarlega mikið áhorf og seldust einnig vel á DVD. Þá sló lokahnykkurinn, kvikmyndin Bjarnfreðarson, í gegn í kvikmyndahúsum. Borgarstjórinn Jón Gnarr verður ekki með í nýju þáttunum en Ragnar, Jörundur, Ævar og Pétur Jóhann vilja fá Halldór Gylfason í stórt hlutverk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**44%** landsmanna á aldrinum 12 til 80 ára horfðu á frumsýningu lokaþáttar Fangavaktarinnar í fyrra.

# Stórskotalið reynir við Þór

„Þetta er heill her af karlmönnum og hver öðrum betri,“ segir Óskar Jónasson leikstjóri, en raddprufur fyrir íslensku útgáfuna af teiknimyndinni Þór standa nú yfir í upptökuverinu Upptekið. Meðal hlutverka sem verið er að prófa í eru Þór og Mjölnir, hamarinn víðfrægi.

Þegar Fréttablaðið bar að garði var Þórhallur Sigurðsson, Laddi, að prófa að tala fyrir Mjölni en Laddi er eflaust einhver besta teiknimyndarödd Íslandssögunnar. „Hann er hokinn af reynslu, hefur einhvern tón sem er bæði sannur og réttur, eins og öll þjóðin þekkir,“ segir Óskar um Ladda án þess þó að vilja láta neitt uppi um möguleika Ladda. Meðal annarra sem hafa reynt sig við hlutverkin tvö eru Sveppi, Atli Rafn og Felix Bergsson sem er einnig nokkuð reyndur í teiknimyndunum, hefur talað fyrir bæði kúrekann Vidda í Leikfangasögu og Manna í Ísaldarmyndunum.

Óskar segir vinnu við teiknimynd allt öðruvísi en það sem hann hefur kynnst. „Við erum búnir að vera lengi neðanjarðar því svona teiknimynd verður til á jarðfræðilegum tíma og það er svolítið nýtt fyrir mér enda vanur sjónvarpi þar sem allt gerist hratt,“ útskýrir Óskar sem fagnar því að komast upp á yfirborðið og hitta annað fólk. Óskar reiknar með að raddirnar verði ráðnar á næstu vikum, þeir muni hins vegar ekki ráða í hlutverkin fyrr en þeir eru orðnir fyllilega sáttir. **- fgg**



**HOKINN AF REYNSLU** Óskar Jónasson segir Ladda vera hokinn af reynslu en hér reynir leikarinn sig við rödd Mjölnis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stórbrotin leikhúsveisla!

GB, Mbl



„Allt er svo satt og rétt í þessari túlkun... Stjörnurnar skína á Stóra sviði Borgarleikhússins.“
GB, Mbl

„Sigur leikstjórans Hilmis Snæs sem fær þetta til að virka svona skínandi vel.“
JVJ, DV

„Stjörnuleikur sem endar með flugeldasýningu.“
BS, pressan.is

„Eitt besta leikrit síðustu ára... afar kröftug sýning.“
LL, RUV

„Unnin af mikilli og aðdáunarverðri fagmennsku.“
MK, eyjan.is



GRÍMAN 2010:
LEIKSTJÓRI ÁRSINS
LEIKKONA ÁRSINS Í AÐALHLUTVERKI
LEIKMYND ÁRSINS
LÝSING ÁRSINS

# FJÖLSKYLDAN

*(ágúst í Osage-sýslu)*

## Verðlaunasýningin snýr aftur

Örfáar aukasýningar
vegna gríðarlegrar eftirspurnar

## Forsala hefst í dag

| | | |
|---|---|---|
| fös. 5/11 kl. 19 | fös. 19/11 kl. 19 | fös. 3/12 kl. 19 |
| mið. 10/11 kl. 19 | mið. 24/11 kl. 19 | lau. 4/12 kl. 19 |
| fim. 11/11 kl. 19 | fös. 26/11 kl. 19 | lau. 18/12 kl. 19 |

Sýningin er þrír þættir, hver 1 klst. að lengd. Hlé er eftir 1. og 2. þátt

**Einstakt tilboð til VISA korthafa. 500 kr. afsláttur af miðaverði.**
Tryggðu þér miða á midi.is, í síma 568 8000 eða í miðasölu Borgarleikhússins

VISA

**Njóttu leikhúsveislunnar til fulls og fáðu þér lystauka í hléi**
Glæsilegir smurbrauðsplattar fyrir 2 eða fleiri. Pantaðu fyrir sýningu og þín bíður ljúffengur lystauki í hléi.

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

Fíton/SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



**LÖGFRÓÐUR**
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
Ókeypis lögfræðiráðgjöf
á miðvikudögum frá kl. 17:00–20:00
í Háskólanum í Reykjavík
LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík
logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### „Kristinn hér, talskona...“

Norskir fjölmiðlar sumir hverjir berja enn höfði við steininn og neita að viðurkenna kyn fjölmiðlamannsins Kristins Hrafnssonar. Kristinn hefur upp á síðkastið unnið fyrir lekafyrirtækið WikiLeaks, svo sem við birtingu á leynilegu efni um gang Íraksstríðsins. Þegar fyrstu skjölin litu dagsins ljós í júlí skrifuðu norskir fjölmiðlar um málið og höfðu þá eitt og annað haft eftir talskonu WikiLeaks, Kristni Hrafnssyni. Sömu fjölmiðlar fjölluðu eins og fleiri um nýjan leyniskammt í vikunni. Og aftur féllu þeir á kynjaprófinu. Eins og þeir vita sem til þekkja er Kristinn karlmaður og mun – eftir því sem næst verður komist – ekki hafa í hyggju að breyta því. Nema norskir fjölmiðlar viti betur.



### Niðurskurður hjá Baltasar

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær náðu **Baltasar Kormákur** og Working Title Films samningum við stórmyndafyrirtækið Universal um fjármögnun á endurgerðinni Contraband. Erlendir fjölmiðlar fjölluðu ítarlega um málið og þar fór fremstur í flokki vefurinn Deadline.com sem hefur hingað til þótt nokkuð vel tengdur inn í Hollywood. Í frétt Deadline.com kemur fram að Universal hafi bjargað gerð Contraband þar sem Working Title hafi átt erfitt með að fjármagna myndina. Universal hafi hins vegar sett það sem skilyrði að kostnaðurinn yrði skorinn niður um tíu milljónir dala og er myndin nú sögð eiga að kosta þrjátíu milljónir dala, jafnvirði 3,3 milljarða króna. - jab / fgg



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Kringlan skráir bílnúmer starfsfólks
2. Flugrútudólgi stungið í steininn
3. Skuldir fyrnast tveimur árum eftir gjaldþrot
4. Kristján vill ekki 800 milljóna króna bústað
5. Öskubakkar komnir aftur á gríska bari og veitingastaði





